

Knattspyrnusamband Íslands



2012

**67. ársþing KSÍ
Skýrslur nefnda**

Efnisyfirlit

Stjórn og nefndir KSÍ	2
Skýrsla landsliðsnefndar karla	4
Skýrsla U21 landsliðsnefndar karla	5
Skýrsla unglinganefndar karla	7
Skýrsla landsliðsnefndar kvenna	10
Skýrsla unglinganefndar kvenna	11
Skýrsla mótanefndar	22
Skýrsla dómarnefndar	31
Skýrsla aga- og úrskurðarnefndar	38
Skýrsla háttvísinefndar	40
Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar	41
Skýrsla fræðslunefndar	43
Skýrsla útbreiðslunefndar	46
Skýrsla hæfileikanefndar	48
Skýrsla mannvirkjanefndar	56
Heiðursviðurkenningar	57

Yfirlit yfir kærur og úrskurði má sjá í skýrslu stjórnar og á vef KSÍ undir:
<http://www.ksi.is/log-og-reglugerdir/domasafn/>

Stjórn og nefndir KSÍ

Stjórn (ársþing)

Geir Þorsteinsson	formaður
Gylfi Þór Orrason	varaformaður
Guðrún Inga Sívertsen	gjaldkeri
Lúðvík S. Georgsson	ritari
Gísli Gíslason	
Róbert B. Agnarsson	
Rúnar Arnarson	
Ragnhildur Skúladóttir	
Vignir Már Þormóðsson	

Varastjórn (ársþing)

Jóhann Torfason
Jóhannes Ólafsson
Þórarinn Gunnarsson

Landshlutafulltrúar (ársþing)

Valdemar Einarsson	Austurland
Björn Friðþjófsson	Norðurland
Tómas Þóroddsson	Suðurland
Jakob Skúlason	Vesturland

Framkvæmdastjórn

Geir Þorsteinsson	formaður
Guðrún Inga Sívertsen	
Gylfi Þór Orrason	
Lúðvík S. Georgsson	
Róbert B. Agnarsson	

Rekstrarstjórn Laugardalsvallar

Geir Þorsteinsson	formaður
Guðrún Inga Sívertsen	
Ingvar Sverrisson	
Ómar Einarsson	
Þórir Hákonarson	

Dómaranefnd

Gylfi Þór Orrason	formaður
Ari Þórðarson	
Bragi Bergmann	
Gísli Gíslason	
Eyjólfur Ólafsson	
Jón Sigurjónsson	
Kári Gunnlaugsson	
Pjetur Sigurðsson	
Þórarinn Gunnarsson	

Fjárhagsnefnd

Guðrún Inga Sívertsen	formaður
Eggert Steingrímsson	
Rúnar Arnarson	
Þórir Hákonarson	

Fræðslunefnd

Ragnhildur Skúladóttir	formaður
Guðni Kjartansson	
Sigurður Þórir Þorsteinsson	
Sigurður Sighvatsson	
Sigvaldi Einarsson	
Vignir Þormóðsson	
Örn Ólafsson	

Laga- og leikreglanefnd

Gísli Gíslason	formaður
Lúðvík S. Georgsson	
Guðmundur H. Pétursson	

Landsliðsnefnd karla

Rúnar Arnarson	formaður
Lúðvík S. Georgsson	
Róbert Agnarsson	
Viðar Halldórsson	
Þorgrímur Þráinsson	

Landsliðsnefnd kvenna (A og U21)

Guðrún Inga Sívertsen	formaður
Arna Steinsen	
Erla Hendriksdóttir	
Laufey Sigurðardóttir	
Hanna Dóra Magnúsdóttir	
Ragnhildur Skúladóttir	

Landsliðsnefnd U21 karla

Jóhannes Ólafsson	formaður
Gísli Gíslason	
Jónas Þórhallsson	
Steinn Halldórsson	
Vignir Már Þormóðsson	

Unglinganefnd karla (U19 og U17)

Vignir Már Þormóðsson	formaður
Ingvar Guðjónsson	
Jóhann Torfason	
Magnús Brandsson	
Ómar B. Stefánsson	
Sigurður Helgason	
Þórarinn Gunnarsson	

Unglinganefnd kvenna (U19 og U17)

Ragnhildur Skúladóttir	formaður
Ásta B. Gunnlaugsdóttir	
Hanna Dóra Magnúsdóttir	
Íris Björk Eysteinsdóttir	
Jakob Skúlason	
Sigrún Ríkharðsdóttir	
Tómas Þóroddsson	

Mannvirkjanefnd

Lúðvík S. Georgsson	formaður
Jón Runólfsson	
Kristján Ásgeirsson	
Rúnar Arnarson	
Þorbergur Karlsson	

Mótanefnd

Róbert B. Agnarsson	formaður
Atli Þórsson	
Ámundi Halldórsson	
Björn Friðþjófsson	
Helga Friðriksdóttir	
Valdemar Einarsson	
Þórarinn Gunnarsson	

Samninga- og félagaskiptanefnd

Lúðvík S. Georgsson	formaður
Stefán Geir Þórisson	
Örn Gunnarsson	
Gísli Hall (til vara)	
Guðmundur H. Pétursson (til vara)	
Jóhann Albertsson (til vara)	

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2012

Útbreiðslunefnd

Vignir Már Þormóðsson formaður
Björn Friðþjófsson
Jakob Skúlason
Tómas Þóroddsson
Valdemar Einarsson
Vigfús Örn Gíslason (til vara)
Ómar B. Stefánsson (til vara)
Magnús Ásgrímsson (til vara)
Trausti Hjaltason (til vara)

Hæfileikanefnd

Þórarinn Gunnarsson formaður
Einar Hermannsson
Jóhann Torfason
Unnsteinn Jónsson
Íris Björk Eysteinsdóttir
Þorsteinn Hilmarsson

Sögunefnd

Ágúst Ingi Jónsson formaður
Ásta B. Gunnlaugsdóttir
Ellert B. Schram
Halldór Einarsson
Jón Gunnlaugsson

Heilbrigðisnefnd

Sveinbjörn Brandsson formaður
Einar Jónsson
Friðrik Ellert Jónsson
Gauti Laxdal
Hjalti Kristjánsson
Hjörtur Þór Hauksson
Reynir Björn Björnsson
Stefán Stefánsson
Svala Helgadóttir

Þjálfaranefnd

Atli Eðvaldsson
Ásgeir Sigurvinsson
Eyjólfur Sverrisson
Guðjón Þórðarson
Guðni Kjartansson
Helena Ólafsdóttir
Jóhannes Atlason
Jörundur Áki Sveinsson
Logi Ólafsson
Ólafur Jóhannesson
Sigurður R. Eyjólfsson
Vanda Sigurgeirsdóttir

Starfshópur um framkvæmd jafnréttisáætlunar

Guðrún Inga Sívertsen formaður
Helga Friðriksdóttir
Hörður Guðbjörnsson
Kristín Arnþórsdóttir
Pétur Magnússon

Starfshópur um agaskýrslu

Gylfi Þór Orrason formaður
Almar Guðmundsson
Róbert Agnarsson
Örn Gunnarsson
Erlendur Eiríksson

Starfshópur um aldursskiptingu flokka

Róbert Agnarsson formaður
Gísli Gíslason
Jónas Þórhallsson

Starfshópur um keppni í 5 manna liðum

Björn Friðþjófsson formaður
Jónas Sigurðsson
Kristín Arnþórsdóttir

Starfshópur stjórnar

Gísli Gíslason formaður
Gylfi Þór Orrason
Róbert Agnarsson
Rúnar Arnarson
Vignir Már Þormóðsson

Siðanefnd (ársþing)

Albert Eymundsson
Kristrún Heimisdóttir
Hanna S. Sigurðardóttir (til vara)
Helgi Þorvaldsson (til vara)

Aga- og úrskurðarnefnd (ársþing)

Gunnar Guðmundsson formaður
Halldór Frímansson varaformaður
Sigurður Ingi Halldórsson varaformaður
Einar M. Árnason
Helgi R. Magnússon
Sigrún Óttarsdóttir
Sigurður Guðmundsson
Þróstur Ríkharðsson

Áfrýjunardómstóll KSÍ (ársþing)

Sigurður G. Guðjónsson forseti
Guðmundur Pétursson
Lúðvík Örn Steinarsson
Brynjar Níelsson (til vara)
Guðmundur Þórðarson (til vara)
Hörður Felix Harðarson (til vara)
Jóhannes A. Sævarsson (til vara)
Kolbeinn Árnason (til vara)

Leyfisráð KSÍ (ársþing)

Sveinn Jónsson formaður
Elías Hergeirsson
Ragnar Gíslason
Rúnar Gíslason
Stefán Gunnlaugsson

Leyfisráð KSÍ (ársþing)

Lúðvík S. Georgsson formaður
Guðmundur H. Pétursson
Stefán Bergsson
Eggert Steingrímsson
Örn Gunnarsson

Kjörnefnd (ársþing)

Steinn Halldórsson formaður
Einar K. Jónsson
Jónas Gestur Jónasson

Kjörnir skoðunarmenn (ársþing)

Hannes Þ. Sigurðsson
Haukur Gunnarsson
Reynir Karlsson (til vara)
Elías Hergeirsson (til vara)

Kjörinn endurskoðandi (ársþing)

Björn Ingi Victorsson

Skýrsla landsliðsnefndar karla

Í nefndinni sátu Rúnar Arnarson, formaður, Lúðvík S. Georgsson, Róbert Agnarson, Viðar Halldórsson og Þorgrímur Þráinsson. Með nefndinni störfuðu Þórir Hákonarson og Gunnar Gylfason. Lars Lagerbäck var landsliðsþjálfari og honum til aðstoðar Heimir Hallgrímsson og Guðmundur Hreiðarsson markvarðabjálfi. Læknar landsliðsins voru Sveinbjörn Brandsson og Gauti Laxdal, sjúkráþjálfarar þeir Stefán Hafþór Stefánsson, Friðrik Ellert Jónsson og Rúnar Pálmarrsson. Nuddari var Óðinn Svansson og búningastjóri var Sigurður Sveinn Þórðarson.

Verkefni og leikmenn

Landsliðið lék 10 leiki á árinu, 4 í undankeppni HM 2014 og 6 vináttuleiki. Sigur vannst í fjórum leikjum en sex leikir töpuðust. Í þessum sex leikjum léku 42 leikmenn. Birkir Bjarnason lék flesta leiki eða 9 af 10 og Aron Einar Gunnarsson, Gylfi Þór Sigurðsson, Hannes Þór Halldórsson, Jóhann Berg Guðmundsson, Ragnar Sigurðsson og Rúrik Gíslason tóku þátt í 8 leikjum. Þá léku 7 leikmenn sinn fyrsta A landsleik.

Æfingabúðir í janúar

27 leikmenn sem léku með liðum á Íslandi og Norðurlöndum voru boðaðir í æfingabúðir í janúar. Þetta var fyrsta verkefni nýs þjálfara með leikmönnum. Æft var í 3 daga og spilaður innbyrðis leikur í Kórnum.

Vináttulandsleikir

Fyrsti vináttulandsleikur ársins var gegn Japan í Osaka í febrúar. Leikurinn var ekki á alþjóðlegum leikdegi og var uppistaðan í leikmannahópnum leikmenn sem léku á Íslandi og Norðurlöndum. Heimamenn skoruðu strax á annarri mínútu og komust svo í 3-0 áður en Arnór Smárason minnkaði muninn úr vítaspyrnu undir lok leiks. Næsti leikur var gegn Svartfellingum í Podgorica í lok febrúar. Heimamenn komust yfir í upphafi síðari hálfleiks, en Alfreð Finnbogason jafnaði stuttu síðar. Heimamenn tryggðu sér svo 2-1 sigur 10 mínútum fyrir leikslok. Í lok maí lék liðið svo vináttuleiki við Frakka og Svía, en bæði lið voru að undirbúa sig fyrir lokakeppni Evrópumótsins í Póllandi og Úkraínu. Fyrst var leikið við Frakka í Valenciennes og þar komst íslenska liðið í 0-2 með mörkum Birkis Bjarnasonar og Kolbeins Sigþórssonar og leiddi þannig í hálfleik. Frakkar minnkuðu muninn í upphafi síðari hálfleiks og tryggðu sér svo sigur með tveimur mörkum á síðustu 5 mínútum leiksins. Leikið var við Svía í Gautaborg þremur dögum síðar. Þar voru það heimamenn sem komust í 2-0 með tveimur mörkum á fyrsta korterinu, en Kolbeinn minnkaði muninn um miðjan fyrri hálfleik. Svíar juku forystuna í 3-1 þegar korter var eftir, en Hallgrímur Jónsson minnkaði muninn í 3-2 með síðustu spyrnu leiksins. Færeyingar komu í heimsókn í Laugardalinn í ágúst í eina vináttuleikinn á heimavelli á árinu. Leikurinn var jafnframt síðasti leikurinn áður en undankeppni HM hófst í september. Kolbeinn skoraði tvö mörk, á 30. og 90. mínútum, og það voru einu mörk leiksins og 2-0 sigur staðreynd. Síðasti vináttuleikur ársins var gegn Andorra um miðjan nóvember. Liðið var töluvert breytt frá næstu leikjum þar á undan og vann góðan 2-0 sigur með mörkum Jóhanns Bergs Guðmundssonar og Rúnars Más Sigurjónssonar í sitthvorum hálfleiknum.

Undankeppni HM 2014

Undankeppnin fyrir Heimsmeistaramótið í Brasilíu hófst á árinu, Ísland dróst í riðil með Norðmönnum, Svisslendingum, Slóvenum, Albönum og Kypverjum. Fyrsti leikurinn var gegn Norðmönnum á Laugardalsvelli. Kári Árnason kom Íslandi yfir á 21. mínútu og Alfreð bætti við marki á þeirri 80. og tryggði góðan 2-0 sigur. Fjórum dögum síðar var leikið gegn Kypur ytra. Því miður náðist ekki að fylgja eftir sigurleiknum gegn Norðmönnum og Kypverjar unnu 1-0 með marki um miðjan síðari hálfleik. Í október voru aftur tveir leikir. Fyrst gegn Albönum í Tirana þar sem úrhellisrigning og blautur völlur settu sitt mark á leikinn. Birkir Bjarnason kom íslenska liðinu yfir á 19. mínútu en heimamenn jöfnuðu 10 mínútum síðar. Það var svo Gylfi Þór Sigurðsson sem skoraði sigurmarkið beint úr aukaspyrnu tíu mínútum fyrir leikslok. Svisslendingar komu í heimsókn í Laugardalinn fjórum dögum síðar og fóru með 0-2 sigur heim til Sviss eftir að hafa skorað tvö mörk um miðjan síðari hálfleik.

Lokaorð

Mörg spennandi verkefni bíða okkar á nýju ári og eru töluverðar væntingar gerðar til liðsins. Þegar fara saman gott lið og gott þjálfarateymi, þá getur allt gerst. Megi árið 2013 verða okkur gæfuríkt og margir sigrar vinnast. Ég vil þakka öllum þeim leikmönnum sem tóku þátt í landsleikjum á árinu kærlega fyrir samstarfið. Einnig vil ég þakka þjálfurum og öllu því frábæra starfsfólki sem starfaði með landsliðinu á árinu fyrir frábær störf.

Rúnar V. Arnarson, formaður

Skýrsla U21 landsliðsnefndar karla

Nefndina skipuðu Jóhannes Ólafsson, formaður, Vignir Þormóðsson, Steinn Halldórsson, Jónas Þórhallsson og Gísli Gíslason. Starfsmaður nefndarinnar er Guðlaugur Gunnarsson. Þjálfari liðsins var Eyjólfur Sverrisson, aðstoðarþjálfari Tómas Ingi Tómasson, læknir Hjalti Kristjánsson, sjúkraþjálfari Róbert Magnússon og Lúðvík Jónsson var liðsstjóri.

Undankeppni EM 2013

Liðið lék fjóra leiki í undankeppni EM á árinu, gegn Aserbaídsjan ytra og heima og gegn Noregi og Belgíu ytra. Leikið var gegn Aserbaídsjan á Dalgha-Arena, sem er gervigrasvöllur í Baku, 29. febrúar. Jafnræði var með liðunum og skiptust þau á að sækja. Aserbaídsjan tókst að skora á 41. mínútu leiksins og þrátt fyrir að við fengjum nokkur fín færi tókst ekki að skora og niðurstaðan því 1-0 tap gegn Aserbaídsjan.

Annar leikur ársins var einnig gegn Aserbaídsjan og var leikið á KR-velli 5. júní. Ísland byrjaði betur í leiknum og komst yfir með marki Björns Bergmanns Sigurðarsonar á 20. mínútu. Í síðari hálfleik kom Aserbaídsjan mun sterkara til leiks og jafnaði leikinn á 77. mínútu. Ísland fékk nokkur fín færi til að skora sigurmarkið en inn vildi boltinn ekki og svo fór að Aserbaídsjan skoraði mark í uppbótartíma og tryggði sér þar með 2-1 sigur í leiknum.

Þriðji leikurinn var gegn Norðmönnum ytra þann 12. júní. Leikið var á gervigrasi á Marienlyst Stadium í Drammen. Þessi leikur varð, þegar upp var staðið, besti leikur Íslands í þessari undankeppni. Greinilegt var að leikmenn ætluðu ekki að láta slæmt tap gegn Aserbaídsjan hafa áhrif á sig. Ísland hafði ekki að neinu að keppa nema að leika fyrir stoltið og ætluðu leikmenn að selja sig dýrt í leiknum. Leikurinn varð hin besta skemmtun, liðin sóttu til skiptis og fékk Ísland fyrsta dauðafæri leiksins, en eins og fyrri daginn gekk liðinu illa fyrir framan mark andstæðingana. Norð-mönnum tókst að komast yfir á 15. mínútu. Strákarnir, sem voru staðráðnir í að tapa ekki leiknum, náðu að jafna leikinn eftir laglega sókn. Boltinn barst út á hægri kant, þaðan kom fyrirgjöf fyrir markið og þar var Rúnar Már S. Sigurjónsson mættur og skallaði boltann í markið, óverjandi fyrir norska markmanninn. Jafnræði var með liðunum eftir þetta og var ekki hægt að sjá að þau væru á sitthvorum staðnum á töflunni, Norðmenn að berjast um umspilssæti og Ísland í neðsta sæti. Eins og í öðrum leikjum keppinnar fram að þessu var sóknarleikur liðsins ekki nógu góður og þau færi sem liðið fékk nýttu framherjar liðsins illa. Fór það líka svo að liðið fékk á sig mark á lokamínútum leiksins. Norðmönnum tókst að skora mark á 86. mínútu sem varð sigurmark leiksins. Niðurstaðan því 1-2 tap gegn Norðmönnum, sem voru virkilega ósanngjörn úrslit.

Fjórði og síðasti leikurinn var gegn Belgum ytra þann 10. september og var leikið á Freethiel Stadium í Beveren. Hvorugt lið hafði að neinu að keppa og var það greinilegt á leikmannavali beggja liða að þjálfararnir voru að horfa til framtíðar. Belgar völdu einungis tvo leikmenn úr árgöngum '90 og '91. Eyjólfur Sverrisson valdi hins vegar þá eldri leikmenn sem leika erlendis, en af þeim leikmönnum sem leika á Íslandi valdi hann eingöngu leikmenn sem eru gjaldgengir í næsta U21 lið. Fyrri hálfleikur var ágætlega leikinn af Íslands hálfu, greinilegt var þó að Belgía var í betri samæfingu, en þann 7. september lék þetta sama lið gegn Norðmönnum. Liðin byrjuðu varfærnislega og átti Ísland ágætisleik í fyrri hálfleik en Belgarnir skoruðu þó mark á 20. mínútu, mark sem hæglega hefði átt að vera hægt að koma í veg fyrir. Fyrstu 20 mínúturnar í síðari hálfleik voru líka ágætlega leiknar þó greinilegt væri að Belgarnir væru heldur sterkari. Belgarnir skora svo tvö mörk með stuttu millibili, eða á 69. og 74. mínútu. Eftir það sóttu þeir nokkuð látlaust að marki Íslands, sem þó beitti skyndisóknnum og úr einni slíkri komst Emil Atlason einn á móti markmanni Belga sem náði að verja skot Emils mjög vel. Belgarnir náðu síðan að skora tvö mörk í viðbót, á 89. mínútu og á þriðju mínútu uppbótartíma. Tap upp á 5-0 var því staðreynd í síðasta leik þessarar undankeppni.

Í átta leikjum undankeppni EM skoraði liðið einungis 4 mörk - Björn Bergmann Sigurðarson þrjú og Rúnar Már S Sigurjónsson eitt. Má því segja að sóknarleikurinn hafi ekki verið nógu góður. Í öllum leikjunum fékk liðið fullt af færum en sóknarmennirnir náðu einfaldlega ekki að nýta þau færi sem liðið skapaði sér. Í þessum átta leikjum fékk liðið á sig 21 mark, en tvisvar töpuðust leikir 0-5. Af þessu 21 marki komu 7 mörk eftir 85. mínútu.

EM 2015

Undirbúningur fyrir næstu keppni er hafinn en haldnar voru fjórar æfingar í nóvember og desember 2012 og tvær æfingar í janúar 2013. Einnig fer fram æfingaleikur gegn Wales í febrúar 2013. Þá var dregið í riðlakeppni EM 2015 þann 31. janúar en ekki náðist að setja inn mótherja Íslands áður en ársskýrslan fór í prentun.

Leikmenn

Tuttugu og sjö leikmenn tóku þátt í leikjunum fjórum á árinu. Aron Jóhannsson, Hólmar Örn Eyjólfsson og Hörður Björgvin Magnússon náðu að vera í byrjunarliði alla leiki ársins. Hólmar Örn var fyrirliði í öllum leikjunum. Einnig náði Hólmar Örn þeim áfanga að spila 27. leikinn sinn í U21 og er því leikjahæsti íslenski leikmaðurinn frá upphafi í þessum aldursflokki. Á eftir honum kemur Bjarni Þór Viðarsson sem náði að spila 26 leiki fyrir U21 liðið.

Lokaorð

Mikil vonbrigði eru með árangurinn í þessum riðli. Liðinu gekk illa að skora mörk í leikjum sínum eftir að hafa þó unnið fyrsta leikinn heima gegn Belgum. Margir efnilegir leikmenn voru þó í þessum hópi sem munu gera tilkall til að komast í A-landsliðið. Það er þó eins og áður algjörlega undir þeim sjálfum komið hversu mikið þeir vilja leggja á sig til þess. Nú hefst enn ein uppbygging á nýju liði, en til þess þarf að halda úti æfingum og fá æfingaleiki sem ekki voru til staðar fyrir byrjun síðustu keppni. Upp eru að koma margir leikmenn sem hafa spilað með yngri landsliðum Íslands, leikmenn sem hafa spilað mikið saman og þekkja vel hvorn annan. Það er því ástæða til að vonast eftir betri úrslitum í næsta riðli. Þjálfurum, lækni, sjúkra-þjálfara, liðsstjóra og starfsmanni nefndarinnar, sem og öðru starfsfólki KSÍ þakka ég fyrir samstarfið á árinu 2012. Einnig nefndarmönnum í U21 nefndinni fyrir ánægjulega samvinnu.

Jóhannes Ólafsson, formaður

Skýrsla unglínganefndar karla

Nefndina skipuðu Vignir Már Þormóðsson, formaður, Ingvar Guðjónsson, Jóhann Torfason, Ómar Bragi Stefánsson, Magnús Brandsson, Sigurður Helgason, og Þórarinn Dúi Gunnarsson. Starfsmaður nefndarinnar var Gunnar Gylfason.

Starfssvið nefndarinnar var sem fyrr umsjón með drengja- og unglíngalandsliðum Íslands. Gunnar Guðmundsson var þjálfari U17 landsliðsins, Kristinn Rúnar Jónsson þjálfaði U19 landsliðið og Freyr Sverrisson hafði umsjón með verkefnum U16, úrtökumóti og knattspyrnskólanum ásamt því að vera Gunnari til aðstoðar í verkefnum U17 landsliðsins. Ólafur Ólafsson var aðstoðarþjálfari U19, liðsstjórar liðanna voru Hermann Valsson hjá U17 og Ragnar Bogi Pedersen hjá U19. Læknar í ferðum liðanna voru Hjörtur Brynjólfsson og Rólant Christiansen og sjúkráþjálfarar Gunnar Örn Ástráðsson og Rúnar Pálmarsson.

U17 - Leikmenn fæddir 1995 og síðar

Milliriðill í Skotlandi

Liðið sem hafði unnið sinn undanriðil í Ísrael haustið 2011 fór til keppni í milliriðli í Skotlandi í lok mars 2012. Ásamt heimamönnum voru Danir og Litháar með okkar mönnum í riðli. Fyrsti leikurinn var gegn frændum okkar Dönun. Eftir markalausan fyrri hálfleik skoruðu Danir í upphafi þessi síðari en Daði Bergsson jafnaði stuttu síðar áður en Danir komust yfir á ný. Það var svo Gunnlaugur Birgisson sem jafnaði öðru sinni fyrir okkar menn og tryggði 2-2 jafntefli.

Annar leikurinn var gegn Skotum og þar skoraði Kristján Flóki Finnbogason eina mark leiksins í upphafi síðari hálfleiks.

Fyrir lokaumferðina voru Íslendingar og Danir jafnir að stigum, en markatala Dana var betri og var því mikil spenna fyrir leikinn gegn Litháum. Oliver Sigurjónsson og Páll Þorsteinsson skoruðu í fyrri hálfleik og Daði og Kristján Flóki í þeim síðari og tryggðu 4-0 stórsigur og þegar staðfest var að Danir hefðu aðeins unnið Skota 2-3 var sætið í úrslitakeppninni tryggt á betra markahlutfalli en Danir, en bæði lið hlutu 7 stig, Skotar þrjú en Litháar ekkert stig.

Úrslitakeppni í Slóveníu

Í annað skipti á 6 árum var Ísland með lið í 8-liða úrslitum Evrópumótsins og að þessu sinni var leikið í Slóveníu. Ísland dróst í riðil með Frökkum, Georgíumönnum og Þjóðverjum.

Fyrsti leikurinn var gegn Frökkum, sem komust í 2-0, en á síðasta korteri leiksins jöfnuðu þeir Gunnlaugur Birgisson og Hjörtur Hermannsson metin og tryggðu gott jafntefli.

Næstu mótherjar voru Þjóðverjar, sem unnu 1-0 sigur með marki í fyrri hálfleik.

Fyrir síðustu umferðina í riðlinum áttu öll fjögur liðin möguleika á að komast í undanúrslit. Leikurinn gegn Georgíumönnum var jafn og bæði lið áttu sín færi, en það voru Georgíumenn sem skoruðu eina mark leiksins 10 mínútum fyrir leiklok og tryggðu sér sæti í undanúrslitum. Þjóðverjar höfnuðu í efsta sæti riðilsins með 9 stig, Georgíumenn hlutu fjögur, Frakkar tvö og Íslendingar eitt.

U17 - Leikmenn fæddir 1996 og síðar

Verkefni þessa liðs voru með hefðbundnu sniði, Norðurlandamót í ágúst og undankeppni Evrópumótsins í september.

Opna Norðurlandamótið

Mótið var að þessu sinni haldið í Færeyjum 2.-7. ágúst. Var íslenska liðið í riðli með Svíum, Dönun og U19 liði Færeyja sem tók þátt þar sem ekki tókst að fá gestalið á mótið.

Fyrsti leikurinn var gegn Svíum í Þórshöfn. Sænska liðið komst yfir á 14. mínútu en Ásgeir Sigurgeirsson jafnaði metin á 29. mínútu. Eina mark síðari hálfleiks kom svo á 46. mínútu, sænskt sigurmark leiksins.

Annar leikurinn var gegn U19 liði Færeyja sem komst í 3-0 með mörkum á 36., 50. og 52. mínútu, og náði þar með öruggri forystu í leiknum, en Max Odin Eggertsson minnkaði muninn mínútu fyrir leiklok.

Þriðji leikurinn var gegn Dönun sem unnu 2-0 sigur með mörkum á 8. og 39. mínútu.

Íslenska liðið hafnaði í neðsta sæti riðilsins með ekkert stig og lék því um 7. sætið gegn Færeyingum, sem skoruðu strax á 7. mínútu. Íslenska liðið svaraði fyrir sig á þeirri 27. og var fyrirliðinn Samúel Kári Friðjónsson þar að verki. Leiknum lauk 1-1 en heimamenn höfðu betur í vítakeppninni sem fylgdi, 5-4, og því var það hlutskipti Íslands á Norðurlandamótinu í ár að hafna í 8. og neðsta sæti.

Svía urðu Norðurlandameistarar eftir 2-0 sigur á Englendingum í úrslitaleik, Norðmenn þriðju eftir 2-1 sigur á Dönun.

Undankeppni EM

Riðill Íslands í undankeppni Evrópumótsins var leikinn á Möltu um mánaðamótin september-október og voru mótherjarnir, auk heimamanna, Norðmenn og Portúgalar. Fyrsti leikurinn var gegn Portúgölum, sem voru komnir í 2-0 forystu eftir 17 mínútur og bættu svo við tveimur í viðbót um miðjan síðari hálfleik. Níu mínútum fyrir leikslok skoraði Albert Guðmundsson fyrir Íslendinga og á lokamínútu leiksins bætti Eggert Georg Tómasson við öðru marki úr vítaspyrnu.

Annar leikurinn var gegn Norðmönnum, sem unnu 2-0 sigur með marki í sitthvorum hálfleiknum.

Síðasti leikurinn var gegn heimamönnum og vann íslenska liðið 2-0 sigur. Kristinn Skæringur Sigurjónsson kom Íslendingum yfir á 12. mínútu og Eggert Georg bætti við marki úr vítaspyrnu á 29. mínútu.

Norðmenn unnu riðillinn með 9 stig, Portúgalar hlutu 6 stig og Íslendingar þrjú en heimamenn ekkert stig.

U19 – Leikmenn fæddir 1994 og síðar

Vináttulandsleikir

Liðið lék tvo vináttuleiki við Eista hér heima í september. Fyrri leikurinn var leikinn á Víkingsvelli og vannst þar 4-0 sigur. Árni Vilhjálmsson kom Íslendingum yfir á 24. mínútu og var það eina mark fyrri hálfleiks. Íslendingar byrjuðu svo síðari hálfleikinn af krafti og eftir 12 mínútna leik var staðan orðin 3-0. Fyrst skoraði Gunnar Þorsteinsson og svo var Árni aftur að verki. Aron Elfs Þrándarson innsiglaði sigurinn með marki á 89. mínútu og þar við sat.

Seinni leikurinn var í Grindavík og þá vannst 3-0 sigur. Orri Sigurður Ómarsson og Gunnlaugur Fannar Guðmundsson komu Íslandi í 2-0 á fyrsta korterinu og Gunnar Þorsteinsson bætti svo þriðja markinu við um miðjan síðari hálfleik.

Undankeppni Evrópumótsins

Íslenska liðið var í riðli með Króatíu, Aserbaídsjan og Georgíu og var leikið í Króatíu seinni hluta október. Fyrsti leikurinn var gegn Aserum og það er óhætt að segja að byrjunin hafi verið góð því Íslendingar komust yfir þegar vallarklukkan sýndi 12 sekúndur með marki frá Arnari Aðalgeirssyni. Sannarlega gott veganesti inn í þennan hörkuleik, en Aserar jöfnuðu á 24. mínútu áður en fyrirliðinn, Hjörtur Hermannsson, skoraði á 39. mínútu og þar við sat og góður sigur í höfn.

Annar leikurinn var gegn heimamönnum og var þar um hörkuleik að ræða. Króatar komust yfir á 25. mínútu með sjálfsmarki íslenska liðsins, en Hjörtur jafnaði metin á 38. mínútu og þannig stóðu leikar í hálfleik. Króatar komust aftur yfir á 59. mínútu en tíu mínútum fyrir leikslok jafnaði Árni Vilhjálmsson metin og 2-2 jafntefli var niðurstaðan.

Fyrir lokaleikinn gegn Georgíumönnum lá ljóst fyrir að jafntefli myndi duga til að liðið kæmist í milliriðla en Georgíumenn voru sterkari þennan daginn og unnu 2-0 sigur.

Króatar unnu riðilinn með 7 stig, Georgíumenn og Íslendingar hlutu 4 og Aserar eitt stig.

U19 – Leikmenn fæddir 1995 og síðar

Liðið tók þátt í æfingamóti í Svíþjóð síðari hluta júlímánaðar ásamt Svíum, Norðmönnum og Rúmenum. Fyrst var leikið gegn Rúmeníu og Elías Már Ómarsson kom Íslandi yfir á 11. mínútu en Rúmenar jöfnuðu á 20. mínútu leiksins. Oliver Sigurjónsson bætti við öðru marki Íslands átta mínútum síðar og í síðari hálfleik skoraði Kristján Flóki Finnbogason þriðja mark Íslands á 68. mínútu og Aron Bjarnason innsiglaði sigurinn með marki á 80. mínútu leiksins.

Næsti leikur var gegn Svíum og þar vannst aftur sigur, nú 0-2. Elías Már Ómarsson kom Íslendingum yfir á 60. mínútu og Sindri Björnsson innsiglaði svo sigurinn á 80. mínútu.

Síðasti leikurinn var gegn Norðmönnum sem komust yfir á 34. mínútu og leiddu í leikhléi. Íslendingar jöfnuðu hinsvegar muninn á 72. mínútu og þar var Atli Fannar Jónsson að verki.

Íslenska liðið vann mótið annað árið í röð, hlaut 7 stig, Norðmenn fimm, Svíar fjögur, en Rúmenar ekkert.

Lokaorð

Það sem upp úr stóð á árinu 2012 er að U17 náði þeim frábæra árangri að leika til úrslita við sjö bestu þjóðir Evrópu í þessum aldursflokki, afrek sem einungis einu sinni áður hefur átt sér stað. Árangur bæði U17 og U19 liðanna er eftirtektarverður þó ekki komist þau alltaf í úrslit eða upp úr undanriðlum, en þetta er jú alltaf spurning um hversu miklar kröfur um árangur er raunhæft að setja.

U17; 13 leikir, 3 unnir, 3 jafntefli, 7 töp, markatalan 16-20, einu sinni upp úr milliriðli og undanriðli og alla leið í úrslit.

U19; 8 leikir, 5 unnir, 2 jafntefli og 1 tap markatalan 18-7. Sigur á æfingamóti í Svíþjóð en ekki upp úr undanriðli.

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2012

Á árinu 2011 hafa verið haldnar 90 æfingar hjá yngri landsliðinum og til þeirra boðaðir alls 294 leikmenn fæddir 1994-1999 frá 42 félögum. Er ég ánægður með hversu margir leikmenn hafa verið boðaðir til æfinga og fengið möguleikann á að sýna getu sína. Einnig hafa þjálfarar verið duglegir að fylgjast með drengjum hjá þeirra félagsliðum í keppni. Þessar tölur sýna vissulega mikið umfang landsliðanna, en við eigum alltaf að hafa það að markmiði að gera betur. Ég hef áður sagt þá skoðun mína að það þurfi að fjölga landsliðum og spila fleiri landsleiki. Flestar þjóðirnar sem við berum okkur saman við hafa á að skipa landsliðum í hverjum árgangi frá 15 ára aldri til 21 árs, ef við ætlum okkur ekki að dragast aftur úr þurfum við að slá í klárinn. Tvö ný verkefni bætast við á þessu ári þegar U17 heldur til Wales í apríl og tekur þar þátt í æfingamóti og samið hefur verið við Dani um að spila tvo U19 æfingaleiki í febrúar. Þessu ber að fagna vegna þess að leikmenn sem spila marga landsleiki jafnt og þétt með yngri landsliðunum verða ávallt betur undir það búnir að spila með A-landsliði Íslands og það er jú markmiðið.

Verkefni ársins 2013 eru þess utan með svipuðu sniði og undanfarin ár. Auk verkefnisins í Wales tekur U17 þátt í Norðurlandamótinu sem er að þessu sinni haldið í Noregi í ágúst og undanriðli EM í Rússlandi í september. Andstæðingar okkar þar, auk heimamanna, eru Aserbaídsjan og Slóvakía, U19 liðið (yngra liðið) heldur til Svíþjóðar á æfingamót í september og U19 liðið leikur í undanriðli EM í Belgíu um miðjan október, andstæðingar okkar þar, auk heimamanna, eru Frakkar og Norður-Írar. Einnig eru ráðgerðir tveir æfingaleikir í byrjun september hjá U19.

Vil ég nota tækifærið hér og þakka Gunnari Guðmundssyni þjálfari U17 og Hermanni Valssyni liðsstjóra/markmannsþjálfara U17 fyrir frábært starf og óska ég þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi. Jafnframt býð ég velkominn til starfa nýráðinn þjálfara U17, Þorlák Árnason, sem og Gunnlaug Hreinsson liðsstjóra U17.

Að lokum vil ég þakka samnefndarmönnum mínum, þjálfurum, sjúkraþjálfurum, læknum, liðsstjórum og starfsmönnum á skrifstofu KSÍ fyrir mjög gott samstarf.

Vignir Már Þormóðsson, formaður

Skýrsla landsliðsnefndar kvenna

Landsliðsnefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2012: Guðrún Inga Sívertsen formaður, Arna Steinsen, Erla Hendriksdóttir, Hanna Dóra Markúsdóttir, Laufey Sigurðardóttir og Ragnhildur Skúladóttir. Starfsmaður nefndarinnar var Klara Bjartmarz.

Hlutverk landsliðsnefndar er umsjón með A landsliði kvenna, en verkefni ársins voru vináttuleikur og undankeppni EM 2013. Þá hafði nefndin einnig umsjón með U23 landsliðinu, sem lék einn vináttuleik á árinu. Sigurður Ragnar Eyjólfsson var landsliðsþjálfari, aðstoðarþjálfari var Guðni Kjartansson og markmannsþjálfari Halldór Björnsson. Læknar liðsins á árinu voru Reynir Björn Björnsson og Karl Kristinsson sem leysti Reyni af í Skotlandi. Sjúkrþjálfarar voru þær Linda Persson og Sólveig Þórarinsdóttir. Erla Hendriksdóttir var nuddari og liðsstjóri var Margrét Ákadóttir. Ólafur Þór Guðbjörnsson þjálfari U19 bættist við þjálfarateymið í leikjunum gegn Skotlandi.

Fyrsta verkefni ársins var Algarve Cup í Portúgal þar sem liðið tapaði tveimur leikjum í riðlakeppninni, gegn Þýskalandi 0-1 og gegn Svíþjóð 1-4, en vann síðan Kína 1-0 í lokaleik riðilsins. Dóra María Lárusdóttir skoraði markið gegn Svíum og Fanndís Friðriksdóttir markið gegn Kína. Leikið var við Dani um 5. sætið og lauk leiknum með 3-1 sigri Dana. Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði mark Íslands í leiknum.

Fyrsti leikur ársins í undankeppni EM var gegn Belgum ytra í apríl og var niðurstaðan 0-1 tap. Í júní var tekið á móti Ungverjum heima og öruggur 3-0 sigur leit dagsins ljós. Fimm dögum síðar var leikið við Búlgaríu úti og þar vann Ísland 10-0 stórsigur. Lokaleikur riðilsins voru undirbúnir með vináttuleikjum gegn Skotum ytra í byrjun ágúst, þar sem leikið var bæði með A liðið og U23 ára liðið. Bæði liðin gerðu jafntefli, A liðið 1-1 og U23 liðið 2-2. Markið í A leiknum skoraði Sandra María Jessen. Mörk U23 skoruðu þær Dagný Brynjarsdóttir og Elín Metta Jensen. Þann 15. september var tekið á móti N-Írum á heimavelli og 2-0 sigur tryggði Íslandi 2. sætið í riðlinum. Hólmfríður og Fanndís skoruðu mörk Íslands. Fjórum dögum síðar var leikið gegn Noregi í Osló þar sem jafntefli hefði tryggt farmiðann í úrslitakeppni EM í Svíþjóð. Í jöfnum og spennandi leik skoraði Noregur tvisvar en íslenska liðið aðeins einu sinni, en það gerði Margrét Lára Viðarsdóttir. Ísland hafnaði því í öðru sæti riðilsins og þurfti að leika aukaleiki um laust sæti á EM. Dregið var um mótherja og fékk Ísland það hlutskipti að leika við Úkraínu. Fyrri leikurinn var leikinn í Sevastopol og lauk honum með 3-2 sigri Íslands. Mörkin skoruðu þær Katrín Ómarsdóttir, Hólmfríður og Margrét Lára. Seinni leikurinn var leikinn á Laugardalsvelli 25. október og lauk með 3-2 sigri Íslands og þar með var sæti á EM tryggt. Mörkin skoruðu þær Margrét Lára, Katrín Ómarsdóttir og Dagný Brynjarsdóttir. Alls lögðu 6.647 áhorfendur leið sína á völlinn sem er metaðsókna á kvennalandsleik.

Tímamótaleikir

Nokkrir tímamótalandsleikir voru á starfsárinu. Sara Björk Gunnarsdóttir lék sinn 50. landsleik á árinu, Fanndís Friðriksdóttir, Greta Mjöll Samúelsdóttir og Hallbera Guðný Gísladóttir léku sinn 25. landsleik. Katrín Jónsdóttir heldur áfram að bæta landsleikjamat sitt. Hún hefur nú leikið 122 A landsleiki fyrir Íslands hönd.

Lokaorð

Nú í lok árs er íslenska liðið í 9. sæti af Evrópuþjóðum á styrkleiklista FIFA og hefur aldrei verið ofar. Sá árangur er uppskera margra áratuga vinnu þar sem fjölmargir hafa lagt hönd á plóginn. Markmið ársins 2012 var að tryggja þátttöku í úrslitakeppni EM 2013 í Svíþjóð, sem tókst. Nú þarf að setja ný markmið fyrir liðið. Í riðlakeppni EM erum við í riðli með Noregi, Þýskalandi og Hollandi og hlýtur það að vera markmiðið að gera betur en í síðustu úrslitakeppni og komast upp úr riðlinum.

Á starfsárinu var einnig spilaður leikur með 23 ára lið en verkefni fyrir stúlkur á þeim aldri hefur vantað síðan árið 2007. Ekki þarf að geta um mikilvægi þess að hafa verkefni fyrir leikmenn á þessum aldri.

Þeim sem hafa staðið þétt við bakið á liðinu á árinu eru þökkun góð störf. Þar ber helst að nefna fasta starfsmenn liðsins, Sigurð Ragnar, Guðna, Halldór, Sólveigu, Svölu, Reyni og Margréti. Þá nefndarfélagið Örnú, Erlu, Hönnu Dóru, Laufeyju og Ragnhildi sem allar hafa lagt ómetanlegan tíma og metnað sinn í starfið. Þá vil ég sérstaklega þakka starfsmanni nefndarinnar, Klöru Bjartmarz, sem hefur í gegnum árin unnið frábært starf í þágu landsliðsins og kvennaknattspyrnunnar á Íslandi. Einnig ber að þakka starfsmönnum á skrifstofu KSÍ sem eru ávallt reiðubúnir til að aðstoða sem og öðrum þeim sem greiddu götu okkar á árinu. Öllu þessu frábæra fólki er þakkað fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf. Síðast en ekki síst er leikmönnum íslenska liðsins þakkað ómetanlegt framlag til íslenskrar knattspyrnu.

Guðrún Inga Sívertsen, formaður

Skýrsla unglínganefndar kvenna

Unglínganefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2012: Ragnhildur Skúladóttir formaður, Ásta B. Gunnlaugsdóttir, Íris Björk Eysteinsdóttir, Jakob Skúlaon, Sigrún Ríkharðsdóttir og Tómas Þóroddsson. Starfsmaður nefndarinnar var Klara Bjartmarz.

Hlutverk unglínganefndar kvenna er umsjón með U19 og U17 landsliðum kvenna. Ólafur Þór Guðbjörnsson var þjálfari U19 og honum til aðstoðar var Úlfar Hinriksson. Þorlákur Árnason var þjálfari U17 fyrri hluta ársins og honum til aðstoðar var Bóel Kristjánsdóttir. Um mitt ár var Úlfar Hinriksson ráðinn þjálfari U17 og var Íris B. Eysteinsdóttir honum til aðstoðar. Þá voru Gísli Þór Einarsson og Ólafur Pétursson markmannsþjálfarar liðanna. Sjúkraþjálfarar voru þær Guðrún Sigurðardóttir og Tinna Rúnarsdóttir. Hjördís Smith, Hjörtur Þór Hauksson, Karl Kristinsson, Sigurbjörn Björnsson og Valur Helgi Kristinsson voru lækna liðanna. Liðsstjórar voru þær Ásta B. Gunnlaugsdóttir hjá U19 og Sigríður Fanney Pálsdóttir hjá U17.

U19 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1993 og síðar

Í byrjun mars tók U19 þátt í undirbúningsmóti á La Manga á Spáni og lék þar þrjá leiki. Fyrsti leikurinn var gegn Skotum og tapaði íslenska liðið naumlega 0-1. Öðrum leik liðsins lauk einnig með ósigri, gegn Noregi 1-2. Mark Íslands í leiknum skoraði Elín Metta Jensen. Íslenska liðið vann 3-2 sigur á Englandi í lokaleik sínum á La Manga með mörkum þeirra Telmu Hjaltalín Þrastardóttur (2 mörk) og Sigríðar Láru Garðarsdóttur.

Um mánaðamótin mars/apríl lék U19 landslið kvenna í milliriðlum EM og fór riðillinn fram í Hollandi. Í fyrsta leiknum var leikið gegn Hollandi og endaði hann með 1-1 jafntefli. Lára Kristín Pedersen skoraði markið. Annar leikur liðsins var gegn Rúmenum og tapaði íslenska liðið 0-2. Í lokaleiknum í riðlinum tapaði íslenska liðið naumlega gegn Frökkum 0-1.

U19 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1994 og síðar

Í september lék liðið í undankeppni EM í Danmörku. Fyrsti leikur var gegn Slóvakíu og vann íslenska liðið öruggan 4-0 sigur. Mörk Íslands skoruðu þær Elín Metta Jensen (2 mörk), Sigríður Lára Garðarsdóttir og Svava Rós Guðmundsdóttir. Liðið sigraði einnig örugglega í sínum öðrum leik, gegn Moldavíu 5-0. Að þessu sinni voru það Elín Metta (2 mörk), Sigríður Lára, Telma og Guðmunda Brynja Óladóttir sem voru á skotskónum. 1-3 tap í lokaleiknum gegn Dönnum kom ekki að sök, íslenska liðið var öruggt áfram í milliriðla. Elín Metta skoraði mark Íslands gegn Dönnum.

Framundan eru milliriðlar í Portúgal í byrjun apríl þar sem leikið verður við lið heimamanna, Finna og Norður-Íra.

U19 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1995 og síðar

Haustið 2013 hefst forkeppni fyrir EM U19 kvenna 2014. Þar mætum við Frökkum, Slóvökum og Búlgörum, en leikið verður í Búlgaríu.

U17 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1995 og síðar

Í mars voru leiknir tveir vináttuleikir við Dani í Reykjavík. Sá fyrri endaði með 2-1 sigri Íslands þar sem Svava Rós Guðmundsdóttir og Guðrún Arnardóttir skoruðu mörkin. Síðari leikurinn endaði 0-0.

Í apríl lék U17 liðið í milliriðlum EM í Belgíu. Íslenska liðið byrjaði riðilinn vel, lagði England 1-0 með marki Söndru Maríu Jessen. Í öðrum leik sínum tapaði íslenska liðið naumlega fyrir Sviss 0-1 en í síðasta leiknum var aftur komið að sigurleik, í þetta sinn 3-1 gegn Belgíu. Mörk Íslands í leiknum skoruðu þær Sandra María (2 mörk) og Ingibjörg Sigurðardóttir. Þrátt fyrir þennan góða árangur komst liðið ekki í úrslitakeppni U17.

Þar með lauk þætti Þorláks Árnasonar með liðinu, en hann náði þeim besta árangri sem íslenskt knattspyrnulandslið hefur náð, þ.e. undanúrslit í EM.

U17 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1996 og síðar

Í byrjun júlí fór fram Norðurlandamót stúlkna í Noregi og er það án efa besta skipulagða Norðurlandamótið frá upphafi. Fyrstu tveir leikir Íslands voru tapleikir, 0-1 gegn bæði Finnum og Svíum. Þriðja leik liðsins lauk einnig með ósigri, í þetta sinn 0-4 gegn Frökkum. Betur gekk í leik um sæti en þar sigruðum við Dani 2-0 í leik um 7. sæti. Mörk Íslands skoruðu þær Elma Lára Auðunsdóttir og Esther Rós Arnarsdóttir.

Í október lék U17 í undankeppni EM 2012 í Slóveníu. Ísland hóf riðilinn á góðum 3-0 sigri á liði heimamanna þar sem Oddný Karólína Hafsteinsdóttir skoraði öll mörkin. Ísland sigraði einnig í öðrum leik

sínum, 5-1 gegn Eistlandi þar sem Hulda Ósk Jónsdóttir, Alda Ólafsdóttir, Heiðdís Sigurjónsdóttir, Rakel Jónsdóttir og Petrea Björt Sævarsdóttir skoruðu mörkin. Lokaleikur liðsins í riðlinum var gegn Tékkum og lauk honum því miður með 0-2 tapi okkar liðs. Ef íslenska liðið hefði tapað 0-1 hefði það nægt liðinu til að komast í milliriðil, en fimm lið með bestan árangur í 2. sæti komust í milliriðil (Ísland var með 6. besta árangur).

U17 - Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1997 og síðar

Sumarið 2013 hefst forkeppni fyrir EM U17 kvenna 2014. Leikið verður í Moldavíu um mánaðamótin júlí/ágúst og erum við í riðli með Moldóvum, Lettum og Ungverjum. Ástæða þessa óvenjulega tíma á riðlinum er að úrslitakeppni HM U17 kvenna fer fram vorið 2014.

Lokaorð

Ekki tókst að fylgja á eftir frábærum árangri ársins 2011 hjá yngri landsliðum kvenna á síðasta ári. Hvorugt liðið komst upp úr milliriðlum síðastliðið vor fyrir úrslitakeppnir 2012 og U17 komst ekki upp úr undankeppni fyrir úrslitakeppnina 2013. Það er góðs viti að við séum óánægð með að aðeins annað liðið komist í milliriðla EM og það segir sitt um metnaðarfullt starf KSÍ og aðildarfélaganna þess í yngri landsliðum kvenna.

Þorlákur Már Árnason ákvað að láta af störfum sem landsliðsþjálfari U17 kvenna, en hann lét af störfum eftir milliriðilinn þar sem liðið var nálægt því að komast í úrslit annað árið í röð. Þorlákur tók við liðinu 2009 og hefur skilað frábæru starfi og honum er þakkað kærlega hans mikla framlag til íslenskrar knattspyrnu.

Mörg verkefni eru á döfni á árinu 2013. UEFA mun verða með æfingamót fyrir U16 ára landslið stúlkna og drengja sem fram fer í Wales í apríl. Þá mun KSÍ sjá um Opna Norðurlandamótið fyrir U16 ára landslið stúlkna sem fram fer í Reykjavík og á Suðurnesjum í júlí í sumar. Um er að ræða átta liða keppni í tveimur riðlum og því að mörgu að hyggja í skipulagningu mótsins.

Að lokum vil ég þakka samnefndarmönnum mínum, þjálfurum, sjúkraþjálfurum, læknum, liðsstjórum og starfsmönnum á skrifstofu KSÍ fyrir mjög gott samstarf.

Ragnhildur Skúladóttir, formaður

Landsleikir á árinu

Nr.	Leikdagur	Lið - Keppni	Land	Staður	Völlur	Heimalið	Gestir	Úrslit
1	fös. 24. feb	A karla - VL 2012	Japan	Osaka	Nagai Stadium	Japan	Ísland	3-1
2	mið. 29. feb	A karla - VL 2012	Svartfjallaland	Podgorica	Pod Goricom	Svartfjallaland	Ísland	2-1
3	mið. 29. feb	A kv. - Algarve 2012 A	Portúgal	Algarve	Est. Municipal de Lagos	Þýskaland	Ísland	1-0
4	mið. 29. feb	U21 karla - EM 13 riðlakeppni	Aserbaídsjan	Baku	Dalgha Arena	Aserbaídsjan	Ísland	1-0
5	fös. 02. mar	A kv. - Algarve 2012 A	Portúgal	Algarve	Parque Desportivo da Nora - Ferreiras	Ísland	Svíþjóð	1-4
6	sun. 04. mar	U19 kvenna - VL 2012	Spánn	La Manga	La Manga	Skotland	Ísland	1-0
7	mán. 05. mar	A kv. - Algarve 2012 A	Portúgal	Algarve	Est. Municipal de Lagos	Kína	Ísland	0-1
8	þri. 06. mar	U19 kvenna - VL 2012	Spánn	La Manga	La Manga	Noregur	Ísland	2-1
9	mið. 07. mar	A kv. - Algarve 2012 Ú	Portúgal	Algarve	Parque Desportivo da Nora - Ferreiras	Ísland	Danmörk	1-3
10	fim. 08. mar	U19 kvenna - VL 2012	Spánn	La Manga	La Manga	England	Ísland	2-3
11	sun. 18. mar	U17 kvenna - VL 2012	Ísland	Reykjavík	Egilshöll	Ísland	Danmörk	2-1
12	þri. 20. mar	U17 karla - Milliriðill. EM 2012	Skotland	Greenock	Cappielow Park	Danmörk	Ísland	2-2
13	þri. 20. mar	U17 kvenna - VL 2012	Ísland	Reykjavík	Egilshöll	Ísland	Danmörk	0-0
14	fim. 22. mar	U17 karla - Milliriðill. EM 2012	Skotland	Dumbarton	Strathclyde Homes Stadium	Skotland	Ísland	0-1
15	sun. 25. mar	U17 karla - Milliriðill. EM 2012	Skotland	Dumbarton	Strathclyde Homes Stadium	Litháen	Ísland	0-4
16	lau. 31. mar	U19 kvenna - Milliriðill EM 2012	Holland	Werkendam	Kozakken Boys	Ísland	Holland	1-1
17	mán. 02. apr	U19 kvenna - Milliriðill EM 2012	Holland	Werkendam	Kozakken Boys	Rúmenía	Ísland	2-0
18	mið. 04. apr	A kvenna - EM 2013	Belgía	Dessel	KFC Dessel Sport	Belgía	Ísland	1-0
19	fim. 05. apr	U19 kvenna - Milliriðill EM 2012	Holland	Werkendam	Kozakken Boys	Ísland	Frakkland	0-1
20	fös. 13. apr	U17 kvenna - Milliriðill EM 2012	Belgía	Ieper	Crack Stadium	England	Ísland	0-1
21	sun. 15. apr	U17 kvenna - Milliriðill EM 2012	Belgía	Poperinge	Poperinge Stadium	Sviss	Ísland	1-0
22	mið. 18. apr	U17 kvenna - Milliriðill EM 2012	Belgía	Poperinge	Poperinge Stadium	Ísland	Belgía	3-1
23	fös. 04. maí	U17 karla - EM 2012 úrslit A riðill	Slóvenía	Domzale	Sportni Park Domzale	Frakkland	Ísland	2-2
24	mán. 07. maí	U17 karla - EM 2012 úrslit A riðill	Slóvenía	Ljubljana	SRK Stozice	Þýskaland	Ísland	1-0
25	fim. 10. maí	U17 karla - EM 2012 úrslit A riðill	Slóvenía	Domzale	Sportni Park Domzale	Georgía	Ísland	1-0
26	sun. 27. maí	A karla - VL 2012	Frakkland	Valenciennes	Stade du Hainaut	Frakkland	Ísland	3-2
27	mið. 30. maí	A karla - VL 2012	Svíþjóð	Gautaborg	Gamla Ullevi	Svíþjóð	Ísland	3-2
28	þri. 05. jún	U21 karla - EM 13 riðlakeppni	Ísland	Reykjavík	KR-völlur	Ísland	Aserbaídsjan	1-2
29	þri. 12. jún	U21 karla - EM 13 riðlakeppni	Noregur	Drammen	Marienlyst Stadium	Noregur	Ísland	2-1
30	lau. 16. jún	A kvenna - EM 2013	Ísland	Reykjavík	Laugardalsvöllur	Ísland	Ungverjaland	3-0
31	fim. 21. jún	A kvenna - EM 2013	Búlgaríja	Lovech	Lovech Stadion	Búlgaríja	Ísland	0-10
32	mán. 09. júl	U17 kvenna - NM A riðill	Svíþjóð	Luleå	Coop-arena Alta	Ísland	Finnland	0-1
33	þri. 10. júl	U17 kvenna - NM A riðill	Svíþjóð	Luleå	Hammerfest	Ísland	Svíþjóð	0-1
34	fim. 12. júl	U17 kvenna - NM A riðill	Svíþjóð	Luleå	Coop-arena Alta	Ísland	Frakkland	0-4
35	lau. 14. júl	U17 kvenna - NM úrslit	Svíþjóð	Luleå	Coop-arena Alta	Ísland	Danmörk	2-0
36	þri. 17. júl	U19 karla - Svíþjóðarmót	Svíþjóð	Vinberg	Vinberg Stadium	Rúmenía	Ísland	1-4
37	fim. 19. júl	U19 karla - Svíþjóðarmót	Svíþjóð	Tvååker	Tvååker Stadion	Svíþjóð	Ísland	0-2
38	lau. 21. júl	U19 karla - Svíþjóðarmót	Svíþjóð	Falkenberg	Falkenbergs Stadium	Noregur	Ísland	1-1
39	lau. 04. ágú	A kv. - VL 2012	Skotland	Greenock	Cappielow Park	Skotland	Ísland	1-1
40	sun. 05. ágú	U23 kvenna - VL 2012	Skotland	Greenock	Cappielow Park	Skotland	Ísland	2-2
41	mán. 06. ágú	U17 karla - NM B riðill	Færeyjar	Þórshöfn	Gundadalur	Svíþjóð	Ísland	2-1
42	þri. 07. ágú	U17 karla - NM B riðill	Færeyjar	Tóftir	Tófta Leikvöllur	Færeyjar U19	Ísland	3-1
43	fim. 09. ágú	U17 karla - NM B riðill	Færeyjar	Þórshöfn	Gundadalur	Danmörk	Ísland	2-0
44	lau. 11. ágú	U17 karla - NM leikir um sæti	Færeyjar	Þórshöfn	Gundadalur	Færeyjar	Ísland	1-1
45	mið. 15. ágú	A karla - VL 2012	Ísland	Reykjavík	Laugardalsvöllur	Ísland	Færeyjar	2-0
46	fim. 06. sep	U17 kvenna - Undank. EM 2013	Slóvenía	Odranci	Sportni Park Odranci	Ísland	Slóvenía	3-0
47	fös. 07. sep	A karla - HM 2014	Ísland	Reykjavík	Laugardalsvöllur	Ísland	Noregur	2-0
48	fös. 07. sep	U19 karla - VL 2012	Ísland	Reykjavík	Víkingsvöllur	Ísland	Eistland	4-0
49	lau. 08. sep	U17 kvenna - Undank. EM 2013	Slóvenía	Odranci	Sportni Park Odranci	Eistland	Ísland	1-5
50	sun. 09. sep	U19 karla - VL 2012	Ísland	Grindavík	Grindavíkuvöllur	Ísland	Eistland	3-0
51	mán. 10. sep	U21 karla - EM 13 riðlakeppni	Belgía	Beveren	Freethiel	Belgía	Ísland	5-0
52	þri. 11. sep	A karla - HM 2014	Kýpur	Larnaca	Antonis Papadopoulos	Kýpur	Ísland	1-0
53	þri. 11. sep	U17 kvenna - Undank. EM 2013	Slóvenía	Beltinci	Sportni Park Beltinci	Ísland	Tékkland	0-2
54	lau. 15. sep	A kvenna - EM 2013	Ísland	Reykjavík	Laugardalsvöllur	Ísland	Norður-Írland	2-0
55	mið. 19. sep	A kvenna - EM 2013	Noregur	Osló	Ullevål	Noregur	Ísland	2-1
56	lau. 29. sep	U17 karla - Undank. EM 2013	Malta	Ta'Quali	Centenary Stadium	Portúgal	Ísland	4-2
57	mán. 01. okt	U17 karla - Undank. EM 2013	Malta	Ta'Quali	Centenary Stadium	Noregur	Ísland	2-0
58	fim. 04. okt	U17 karla - Undank. EM 2013	Malta	Ta'Quali	Centenary Stadium	Malta	Ísland	0-2
59	fös. 12. okt	A karla - HM 2014	Albanía	Tirana	Qemal Stafa Stadium	Albanía	Ísland	1-2
60	þri. 16. okt	A karla - HM 2014	Ísland	Reykjavík	Laugardalsvöllur	Ísland	Sviss	0-2
61	lau. 20. okt	A kv - EM 2013 umspil	Úkraína	Sevastopol	Sport Complex	Úkraína	Ísland	2-3
62	lau. 20. okt	U19 kvenna - Undank. EM 2013	Danmörk	Guldager	Guldager stadion	Ísland	Slóvakía	4-0
63	mán. 22. okt	U19 kvenna - Undank. EM 2013	Danmörk	Esbjerg	Esbjerg stadion	Moldavía	Ísland	0-5
64	fim. 25. okt	A kv - EM 2013 umspil	Ísland	Reykjavík	Laugardalsvöllur	Ísland	Úkraína	3-2
65	fim. 25. okt	U19 kvenna - Undank. EM 2013	Danmörk	Esbjerg	Esbjerg stadion	Ísland	Danmörk	1-3
66	fös. 26. okt	U19 karla - Undank. EM 2013	Krótía	Zagreb	NK Hask Stadium	Aserbaídsjan	Ísland	1-2
67	sun. 28. okt	U19 karla - Undank. EM 2013	Krótía	Zagreb	Sport Centre Rudes	Krótía	Ísland	2-2
68	mið. 31. okt	U19 karla - Undank. EM 2013	Krótía	Zagreb	Siget Stadium	Georgía	Ísland	2-0
69	mið. 14. nóv	A karla - VL 2012	Andorra	Andorra la Vella	Est. Comunal Andorra La Vella	Andorra	Ísland	0-2

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2012

A landsleikir karla

		Dagsetning:	Japan Svartfjalaland Frakkland Svíþjóð Færeyjar Noregur Kýpur Albanía Svís Andorra											Leikir í ár:	Leikir alls:	Mörk í ár:	Mörk alls:	
			24-mar	29-mar	27-mai	30-mai	15-jún	7-júl	11-ág	12-okt	16-okt	14-nóv						
			Ú	Ú	Ú	Ú	H	H	Ú	Ú	H	Ú						
1	Alfreð Finnbogason	Lok/Hei/Hee		V1	-	V	-	V1	V	BGÚ	B				6	12	2	3
2	Ari Freyr Skúlason	Sundvall	V		V	B	V	-	V	B	B				7	8		
3	Arnór Smáráson	Esbjerg	B1				V								2	14	1	2
4	Arnór Sveinn Aðalsteinsson	Hönefoss	B					-	-				V		2	12		
5	Aron Einar Gunnarsson	Cardiff		V	BF	BFG	BFÚ	BFG	BF	BFG		BFÚ			8	33		
6	Birkir Bjarnason	Stand/Pesc		BÚ	B1	BÚ	BG	B	B	BÚ1	B	B			9	18	2	2
7	Birkir Már Sævarsson	Bramm		V			BÚ	-	B	V	-	B			5	32		
8	Bjarni Ólafur Eiríksson	Stabæk		BÚ			BÚ	B	BÚ	-	-				4	21		
9	Eggert Gunnþór Jónsson	Wolves		B	BÚ	V	V	V	-	V	BGÚ				7	19		
10	Eiður Smári Guðjohnsen	AEK					V								1	68		24
11	Elfar Freyr Helgason	AEK	-												0	1		
12	Emil Hallfreðsson	Verona		BÚ				BÚ	BÚ	B	BG				5	34		1
13	Eyjólfur Héðinsson	Sönderjyske			V	-									1	2		
14	Garðar Jóhannsson	Sjarnan	V									V			2	8		2
15	Grétar Rafn Steinsson	Bolt/Kaþes		BÚ			V	B	-	BG	BFG				5	46		4
16	Guðjón Baldvinsson	Halmstad								-	V				1	2		
17	Guðmundur Kristjánsson	Breidablik		BÚ											1	5		
18	Gunnar Heiðar Þorvaldsson	Norrköping		BGÚ				-	-						1	23		5
19	Gunnleifur Gunnleifsson	FH		V	-	-	B	-	-	-	-	V			3	24		
20	Gylfi Þór Sigurðsson	Swansea/Tott		B	B	B	B	B	B	B	BG1	B			8	14	1	2
21	Halldór Orri Björnsson	Sjarnan		V											1	1		
22	Hallgrímur Jónsson	Sönderjyske		B		B	B1								3	6	1	3
23	Hannes Þór Halldórsson	KR		BÚ		BG	B	-	B	B	B	B	BÚ		8	9		
24	Haraldur Björnsson	Sarpsborg		-				-	-	-	-				0	0		
25	Haukur Páll Sigurðsson	Valur		BÚ											1	1		
26	Helgi Valur Danielsson	AIK		BF		V	BÚ	-	B	BÚ		V			6	24		
27	Hjálmar Jónsson	IFK		B								BÚ			2	20		
28	Hjörtur Logi Valgarðsson	IFK			V	BGÚ	-					BÚ			3	8		
29	Hólmur Örn Eyjólfsson	Bochum				-	V				-	-			1	1		
30	Indriði Sigurðsson	Viking			V			V					V		3	64		2
31	Ingvar Jónsson	Sjarnan						-							0	0		
32	Jóhann Berg Guðmundsson	AZ			V	V	V	BÚ	-	VG	V	V	BÚ1		8	22	1	1
33	Jón Daði Böðvarsson	Selöfs											V		1	1		
34	Kári Árnason	Aber/Rother			BÚ	B	BÚ	B	BÚ1	-	BG	BG			7	24	1	2
35	Kolbeinn Sigþórsson	AjaB				BÚ1	BÚ1	B2							3	11	4	8
36	Matthías Vilhjálmsson	Start			BÚ								BGÚ		2	10		1
37	Ólafur Ingi Skúlason	Zulte W											B		1	17		1
38	Pálmi Rafn Pálmason	Lilleström			-							-			0	18		
39	Ragnar Sigurðsson	FCK			B	B	B	BÚ	B	B	B	B			8	24		
40	Rúnar Már S Sigurjónsson	Valur										-	B1		1	1	1	1
41	Rúrik Gíslason	OB/FCK			B	BÚ	BG	BÚ	BÚ	BG	BÚ	BGÚ			8	21		1
42	Skúli Jón Friðgeirsson	Elfborg			V										1	1		
43	Stefán Logi Magnússon	Lilleström			B		-								1	10		
44	Steinþór Freyr Þorsteinsson	Sandnes Ulf			V										1	7		
45	Sölvi Geir Ottesen Jónsson	FCK				BFÚ		V	BR				B		4	20		
46	Þórarinn Ingi Valdimarsson	ÍBV			BÚ										1	1		
47	Ögmundur Kristinsson	Fram					-								0	0		
Fjöldi þáttakenda í leik:			17	17	15	15	17	14	14	14	14	13	17					
Sjálfsmörk:																		
Úrslit leikja (Ísland á undan)			1-3	1-2	2-3	2-3	2-0	2-0	0-1	2-1	0-2	2-0						
B	byrjar leik																	
BF	fyrirtíð																	
V	kom inná																	
-	kom ekki inná																	
BÚ	skipt útaf																	
BG	áníttning																	
BR	brottvísun																	

Heildarárangur					
	L	U	J	T	Mörk
HM	4	2	0	2	4
VL	6	2	0	4	10
Samtals	10	4	0	6	14

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2012

U21 landsleikir karla

		Dagsetning:										
		29-feb	5-jún	12-jún	10-sep							
		Ú	H	Ú	Ú	Leikir	Leikir	Mörk	Mörk			
		Keppni:	EM	EM	EM	EM	í ár:	alls:	í ár:	alls:		
1	Andri Adolphsson	ÍA		-	-	0	0					
2	Andri Rafn Yeoman	Breiðablik			-	0	0					
3	Arnar Darri Pétursson	Sjjanan	-			0	7					
4	Arnór Ingvi Traustason	Sandes		-	BÚ	1	1					
5	Aron Jóhannsson	AGF	B	B	B	B	4	10			1	
6	Atli Sigurjónsson	KR	-			0	2				1	
7	Árni Snær Ólafsson	ÍA	-	B	B	B	3	3				
8	Ásgeir Þór Magnússon	Valur	B	-	-		1	2				
9	Björn Bergmann Sigurðarson	Lilleström		BG1			1	7	1		4	
10	Björn Daniel Sverrisson	FH	B	B	BGÚ		3	9				
11	Brynjar Gauti Guðjónsson	ÍBV	-				0	0				
12	Davíð Þór Ásbjörnsson	Fylkir			-		0	0				
		Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga
304	Pepsi-deild karla	169	12	232	12	203	12	236	12	198	12
220	1. deild karla	152	12	154	12	184	11	199	12	130	12
91	2. deild karla	112	8	64	9	98	10	78	8	64	7
22	3. deild karla	15	7	21	4	31	3	5	2	7	1
173	Pepsi-deild kvenna	122	10	111	10	103	10	109	9	72	8
96	1. deild kvenna	78	11	91	11	115	9	78	9	74	8
511	Leikmannssamningar	295	24	390	24	362	24	426	23	273	21
395	Sambandssamningar	353	36	283	32	372	32	279	30	272	26

* Fjöldi skráðra samninga á árinu er ekki það sama og fjöldi leikmanna á samningi.

Málum vísað til nefndarinnar

Eins og undanfarin ár eru mörg ágreiningsefni, sem upp koma, leyst af skrifstofu KSÍ eða einstökum nefndarmönnum. Erfiðustu málin komu þó til formlegrar úrlausnar hjá nefndinni. Eftirfarandi mál fengu formlega meðhöndlun:

Heimir Snær Guðmundsson gegn ÍR

Heimir fór fram á aðstoð nefndarinnar við að fá laun sem hann taldi sig eiga inni hjá ÍR. Félagið hélt eftir hluta af launum leikmannsins vegna tjóns sem hafði orðið á bílaleigubíl sem ÍR hafði leigt fyrir hann. Heimir taldi að ÍR hafi ekki haft heimild til þess og fór fram á að ÍR greiddi honum þann hluta með vöxtum. Í Sambandssamningi aðila (staðalform KSÍ) var ekki getið neins launaliðs í samningnum. Heimir lagði hins vegar fram launasamning aðila fyrir árið 2011. Skýrt er kveðið á um í síðustu málsgrein 25. gr. reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga að öll ákvæði í samningum aðili skuli vera hluti af hlutaðeigandi samningi sem gerður skuli á staðalformi frá KSÍ. Í þessu máli byggði Heimir kröfu sína á samningi (fylgiskjali) sem er ekki hluti af Sambandssamningi aðila. Aðilar máls geta einungis byggt rétt sinn á þeim gögnum sem koma fram í staðalsamningi KSÍ. Því var ÍR sýknað af kröfu Heimis.

Zoran Stamenic gegn BÍ og Bolungarvík

Zoran fór fram á aðstoð nefndarinnar við að fá laun sem hann taldi sig eiga inni hjá BÍ/Bolungarvík. Félagið hélt eftir hluta af launum leikmannsins vegna tjóns sem hafði orðið á bílaleigubíl sem BÍ/Bol hafði leigt fyrir hann. Zoran taldi sig ekki vera valdan að tjóninu ásamt því að BÍ/Bol hafi ekki heimild til að draga þetta af launum hans. Einnig fór hann fram á aðstoð nefndarinnar við að fá eftirstöðvar launa greidda með vöxtum. Zoran lagði fram sem hluta af gögnum málsins samning aðila frá 2. maí 2011. Um er að ræða Leikmannssamning KSÍ (staðalform á ensku). Umræddur samningur hafði ekki verið lagður inn til skráningar hjá KSÍ. Síðasta málsgrein 25. gr. reglugerðarinnar verndar hins vegar rétt leikmannsins í slíkum tilfellum. Félögum ber ávallt að standa skil á þeim launum sem getið er í samningi aðila. Ekki eru nein ákvæði í umræddum samningi sem heimila BÍ/Bol að skuldajafna kröfu félagsins á hendur leikmanninum. Því bar BÍ/Bol að greiða Zoran ofangreinda kröfu með vöxtum. Nefndin hafði til hliðsjónar í þessu máli niðurstöðu Alþjóða íþróttadómstólsins (CAS) í málunum CAS2009/A/1997 og CAS2009/A/1998 en þar kemur skýrt fram að með öllu er óheimilt að skuldajafna kröfu félags á hendur leikmönnum sínum gegn launakröfu leikmanns nema að fyrir liggja skýrt samþykki leikmannsins þar um.

Áfrýjun á afreksstuðli

ÍBV áfrýjaði flokkun KSÍ á afreksstuðli leikmannsins Tonny Mawejje, sem var með stuðulinn 5. ÍBV taldi hins vegar að þar sem hann hafði leikið 30 landsleiki fyrir Úganda þá bæri að flokka hann eins og íslenskan leikmann sem hefur leikið 30 landsleiki og ætti því að vera með stuðulinn 10. Nefndin féllst á kröfu ÍBV.

BÍ/Bolungarvík gegn Þór

BÍ/Bolungarvík kvartaði undan því að Þór hefði með ólögætum hætti verið í sambandi við Mark Tubæk, samningsbundinn leikmann BÍ/Bolungarvíkur, og boðið honum samning. BÍ/Bolungarvík fór fram á að Þór yrði refsað og fór jafnframt fram á greiðslu skadabóta. Sannað þótti að samskipti hafi átt sér stað milli Þórs og Mark Tubæk, eða fulltrúa hans. Ekki fékkst upplýst hver átti frumkvæði að þeim samskiptum. Nefndin mat það Þór í óhag að hafa með öllu neitað að svara spurningum nefndarinnar þar að lútandi, sbr. grein 22.3 í reglugerðinni, þar sem kveðið er á um upplýsingaskyldu félaga. Með hliðsjón af alvarleika

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2012

brotsins var Þór sektaður um kr. 25.000. Kröfu BÍ/Bolungarvíkur um bætur var vísað frá. Engin ákvæði eru í reglugerðinni sem heimila nefndinni að úrskurða um skaðabætur.

FH gegn Breiðablik

FH kvartaði undan því að Breiðablik hefði með ólögum hætti verið í sambandi við Gunnleif Gunnleifsson, samningsbundinn leikmann FH, í tengslum við félagaskipti hans úr FH í Breiðablik. Breiðablik neitaði staðfastlega að hafa brotið reglur KSÍ og lagði m.a. fram yfirlýsingu frá Gunnleifi Gunnleifssyni þar sem hann lýsti yfir að fyrst hafi verið haft samband við hann frá Breiðablik 16. október. Ekki var fallist á kröfur FH í málinu.

Starfssemi umboðsskrifstofu/umboðsmanns

Framkvæmdastjóri KSÍ sendi nefndinni erindi þar sem hann vakti athygli nefndarinnar á því að leikmaður Þórs, Guiseppe Funicello, eigi og reki fyrirtækið SoccerViza sem aðstoði félög og leikmenn varðandi félagaskipti. Guiseppe Funicello svaraði nefndinni því til að hann væri ekki að reka umboðsskrifstofu. Einungis væri um að ræða viðburði sem þjálfarar gætu fylgst með leikmönnum. Engin greiðsla væri innt af hendi fyrir þessa þjónustu. Ekki fékkst séð af gögnum málsins að um hafi verið að ræða brot á reglugerð KSÍ um umboðsmenn.

Hlynur Atli Magnússon gegn Knattspyrnudeild Fram

Hlynur fór fram á riftun á samningi vegna verulegra vanefnda á greiðslum launa. Einnig óskaði hann eftir að fá úrskurð um réttmæti og upphæð sektar sem Fram sektaði Hlyn um vegna agabrota. Hlynur byggði riftunarkröfu sína á því að Fram hafi ekki greitt honum laun í samræmi við samninginn. Þar er kveðið á um 7 jafnar greiðslur og þá fyrstu 5. apríl. Fram greiddi mánaðarlega fyrstu 4 greiðslurnar, þá síðustu 10. júlí. Fram hafnaði alfarið riftunarkröfu Hlyns og taldi að þeir hafi ofgreitt honum því hann hafi fengið verulega upphæð í fyrirframgreiðslu við undirritun samnings. Niðurstaða nefndarinnar var sú að af gögnum málsins mætti ráða að Fram bæri að greiða laun mánaðarlega með 7 jöfnum greiðslum og greiðsla sú sem Hlynur fékk við undirritun samnings hafi ekki tengst launalið samningsins. Þar með voru þrjár launagreiðslur (ágúst, september og október) í vanskilum. Nefndin mat það svo að í samningi aðila væri ekki kveðið á um heimildir félagsins til að sekta leikmenn. Nefndin fellst því á riftunarkröfu Hlyns.

Ósk um undanþágu á félagaskiptum

Valur óskaði í byrjun janúar 2013 eftir undanþágu vegna félagaskipta fyrir Ingólf Sigurðsson frá félagi í Danmörku. Félagaskiptaglugginn opnar 21. febrúar. Þar sem um var að ræða félagaskipti milli landa þá er það ekki á valdssviði nefndarinnar að veita slíka undanþágu nema FIFA hafi veitt samþykki sitt fyrir því.

Umboðsmenn

Einn einstaklingur þreytti umboðsmannapróf en stóðst ekki. Einn umboðsmaður hætti störfum á árinu og voru því átta íslenskir umboðsmenn starfandi í lok árs 2012. Alls voru 46 umboðsmannssamningar (samningar leikmanna við umboðsmann) skráðir hjá skrifstofu KSÍ á árinu. Þann 31. desember 2012 voru 40 gildir umboðsmannssamningar á skrá hjá KSÍ og er það fjölgun um 18 samninga frá árinu 2011.

Fundir og ráðstefnur

Birkir Sveinsson og Klara Bjartmarz sóttu árlegan samráðsfund norrænu knattspyrnusambandanna um móta- og félagaskiptamál í Færeyjum dagana 25. og 26. september.

Félagaskipti

Umsjón með afgreiðslu félagaskipta á skrifstofu KSÍ höfðu Klara Bjartmarz og Þorvaldur Ingimundarson, líkt og undanfarin ár. Fjöldi félagaskipta á árinu 2012 var 2.230 sem er fjölgun frá fyrra ári um 24, eins og sjá má í neðangreindri töflu. Framkvæmdastjóri KSÍ samþykkti fimm undanþágur vegna markvarða.

	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003
Fjöldi félagaskipta	2.230	2.206	1.995	1.935	1.895	1.688	1.639	1.427	1.246	1.257

Lokaorð

Nefndarmönnum, starfsmönnum nefndarinnar svo og öðru starfsfólki KSÍ vil ég þakka gott samstarf.

Lúðvík S. Georgsson, formaður

Skýrsla fræðslunefndar

Í fræðslunefnd sátu þessi starfsárið 2012-2013: Ragnhildur Skúladóttir formaður, Guðni Kjartansson, Sigurður Sighvatsson, Sigurður Þórir Þorsteinsson, Sigvaldi Einarsson, Vignir Már Þormóðsson og Örn Ólafsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Sigurður Ragnar Eyjólfsson fræðslustjóri og Dagur Sveinn Dagbjartsson. Nefndin hélt 5 bókaða fundi á starfsárinu og voru eftirfarandi mál efst á baugi.

Þjálfaramenntun

KSÍ býður upp á tvær þjálfaragráður, KSÍ B og KSÍ A gráður. Þessar gráður hafa hlotið gæðastimpil UEFA og eru viðurkenndar í öllum löndum Evrópu. 520 þjálfarar hafa lokið við KSÍ B gráðuna, 165 þjálfarar hafa lokið við KSÍ A gráðu til viðbótar og 9 þjálfarar hafa lokið við UEFA Pro gráðu. Þjálfarar þurfa svo að viðhalda þjálfaragráðunni sinni með 15 tíma endurmenntun á 3 ára fresti. KSÍ býður reglulega upp á endurmenntunarnámskeið.

Staðan á menntun þjálfara er góð og almennt hafa langflestir sem starfa við knattspyrnuþjálfun á Íslandi til þess réttindi. Einn hópur hefur þó aðeins setið á hakanum undanfarin ár og KSÍ lagði því mikla áherslu á menntun markmannsþjálfara á árinu með því að bjóða upp á markmannsþjálfaragráðu KSÍ í fyrsta skipti. Kennsla var í höndum Pat Bonner fyrrum landsliðsmarkmanns og markmannsþjálfara Íra, ásamt Guðmundi Hreiðarssyni, Halldóri Björnssyni og Ólafi Péturssyni. Námskeiðið er mjög metnaðarfullt og tekur í raun marga mánuði að klára. KSÍ hefur hug á að efla enn frekar menntun markmannsþjálfara á næsta starfsári og mun leggja aukna áherslu á þennan þátt í þjálfaramenntuninni á næstu árum ásamt því að auka menntunarkröfur til þessa hóps þjálfara á Íslandi.

Fræðsluvefur KSÍ var áfram veigamikill þáttur í uppbyggingu fræðslustarfs KSÍ og þar er að finna mikið af fjölbreyttum upplýsingum sem gagnast þjálfurum í starfi.

Námskeiðahald

KSÍ hélt 23 fræðsluviðburði á árinu fyrir 761 þátttakanda og hefur aldrei haldið fleiri fræðsluviðburði á einu ári. Að auki bauð KSÍ upp á tvö námskeið í fjarnámi í samvinnu við *Sportspath.com* og *League Managers Association* í Englandi.

KSÍ bauð jafnframt upp á markmannsþjálfunarnámskeið í samvinnu við Pat Bonner sem er virtur markmannsþjálfari og situr í fræðslunefnd UEFA. Mikil þörf hefur verið á fræðslu fyrir markmannsþjálfarana okkar en námskeiðið er mjög metnaðarfullt og stendur yfir í nokkra mánuði en þeir sem útskrifast af námskeiðinu munu útskrifast með KSÍ markmannsþjálfunaréttindi í vor.

KSÍ bauð upp á tvö endurmenntunarnámskeið á árinu sem voru mjög vinsæl, heimsókn frá Ajax þar sem fjallað var um þjálfun ungra leikmanna, ásamt námskeiði um líkamlega þjálfun knattspyrnufólks með Magna Mohr, sem starfað hefur með Chelsea, Juventus og danska landsliðinu sem fitness-ráðgjafi.

Eins og undanfarin ár bárum við gæfu til þess að hafa mjög hæfa kennara á námskeiðunum okkar. Alls störfuðu 53 þjálfarar og sérfræðingar hjá okkur á þessu ári og kunnum við þeim bestu þakkar fyrir:

Arnold Mühren, Arnar Bill Gunnarsson, Ásmundur Haraldsson, Birkir Sveinsson, Bjarni Jóhannsson, Daði Rafnsson, Dick Bate, Dóra María Lárusdóttir, Eamonn Dolan, Eysteinn Hauksson, Eddie Van Schaick, Dagur Sveinn Dagbjartsson, Freyr Sverrisson, Friðrik Ellert Jónsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Guðmundur Hreiðarsson, Guðni Kjartansson, Gunnar Borgþórsson, Gunnar Guðmundsson, Gunnar Jarl Jónsson, Halldór Björnsson, Hallfríður Þórarinsdóttir, Hans Sævar Sævarsson, Haukur Ingi Guðnason, Hákon Sverrisson, Heimir Hallgrímsson, Hlynur Svan Eiríksson, Íris Björk Eysteinsdóttir, Janus Guðlaugsson, Katrín Ómarsdóttir, Kenneth Heiner Möller, Klara Bjartmarz, Lars Lagerbäck, Lilja Hjartardóttir, Magnús Már Jónsson, Njáll Eiðsson, Ólafur Guðbjörnsson, Magni Mohr, Ólafur Jóhannesson, Ólafur Kristjánsson, Ólafur Ólafsson, Ólafur Pétursson, Ómar Smáráson, Pat Bonner, Páll Gíslason, Pétur Ólafsson, Ragnhildur Skúladóttir, Sigurður Ragnar Eyjólfsson, Sigurður Þórir Þorsteinsson, Slobodan Milisic, Úlfar Hinriksson, Þorlákur Árnason, Þorsteinn Halldórsson.

Erlend samskipti

Fulltrúar KSÍ sóttu fjölmargar ráðstefnur á árinu, en hér fyrir neðan eru þær helstu:

- Erla Hendriksdóttir og Guðni Kjartansson sóttu FIFA ráðstefnu um kvennaknattspyrnu sem fór fram í Róm, Ítalíu 10.-13. apríl.
- Guðmundur Hreiðarsson, Halldór Björnsson og Ólafur Pétursson sóttu UEFA ráðstefnu um menntun markmannsþjálfara sem fór fram í höfuðstöðvum hollenska knattspyrnusambandsins, 6.-9. maí.
- Atli Eðvaldsson og Örn Ólafsson sóttu Norðurlandaráðstefnu knattspyrnusambandanna í þjálfaramenntun og fræðslumálum sem fór fram í Færeyjum, 18.-21. september.
- Lars Lagerbäck, Heimir Hallgrímsson og Dagur Sveinn Dagbjartsson voru fulltrúar Íslands á UEFA ráðstefnu A-landsliðsþjálfara og fræðslustjóra sem fór fram í Varsjá, Póllandi, 24.-26. september.

Fræðsluverkefni UEFA - UEFA study group scheme

KSÍ tók áfram þátt í stóru fræðsluverkefni á vegum UEFA á árinu sem nefnist UEFA study group scheme, en fulltrúar KSÍ voru bæði í hlutverki gesta og gestgjafa. Verkefnið snýst um að kynna ólíkum þáttum knattspyrnunnar í öðrum knattspyrnusamböndum innan Evrópu. Þátttakendur í fræðsluverkefninum hafa verið starfsmenn KSÍ, nefndarfólk, sérfræðingar og fulltrúar frá aðildarfélögum KSÍ.

- KSÍ tók á móti 33 fulltrúum frá knattspyrnusamböndum Búlgaríu, Finnlands og Litháens sem komu til að kynna sér uppbyggingu kvennaknattspyrnu á Íslandi, 20.-23. febrúar.
- KSÍ sendi 11 fulltrúa til Danmerkur að kynna sér uppbyggingu á grasrótarknattspyrnu hjá danska knattspyrnusambandinu, 30. apríl – 3. maí.
- KSÍ tók á móti 32 fulltrúum frá knattspyrnusamböndum Andorra, Slóvakíu og Ungverjalands sem komu til að kynna sér uppbyggingu kvennaknattspyrnu á Íslandi, 3.-6. september.

Styrkir KSÍ til fræðslumála

KSÍ veitti 11 fræðslustyrki á árinu. Styrkur KSÍ var í formi farseðils á áfangastað Ícelandair og til baka. Markmiðið með þessum styrkjum er að auðvelda áhugasömum aðilum í knattspyrnuhreyfingunni að sækja sér fræðslu erlendis. Styrkþegar skila svo inn skýrslu um ferð sína á fræðsluvef KSÍ. Eftirfarandi styrkir voru veittir á þessu ári:

- Daði Rafnsson frá Breiðabliki hlaut styrk til að kynna sér þjálfun hjá Florida State háskólanum í Bandaríkjunum.
- Úlfar Hinriksson frá Breiðabliki hlaut styrk til að kynna sér þjálfun hjá Ajax í Hollandi.
- Friðrik Ellert Jónsson sjúkraþjálfari hjá Val hlaut styrk til að kynna sér sjúkraþjálfun hjá Fulham í Englandi.
- Milan Stefán Jankovic frá Grindavík, Dragan Kristinn Stojanovic frá Völsungi og Rúnar Kristinsson frá KR hlutu styrki til að fara á Pro licence hjá knattspyrnusamböndum Makedóníu og Englands.
- Aðalbjörn Hannesson frá Breiðabliki og Einar Guðnason frá Víkingi hlutu styrk til að kynna sér þjálfun yngri flokka hjá Ajax og AZ Alkmaar í Hollandi og Bayer Leverkusen í Þýskalandi.
- Þórður Þórðarson frá ÍA hlaut styrk til að kynna sér þjálfun hjá IFK Norrköping í Svíþjóð.
- Margrét Magnúsdóttir og Birkir Örn Gylfason frá Val hlutu styrk til að kynna sér þjálfun hjá Brommapojkarna, AIK og Tyresö í Svíþjóð.

Þjálfaraskóli KSÍ

Þjálfaraskóli KSÍ stendur áfram öllum þjálfurum aðildarfélaganna til boða og er hugmyndin á bak við skólann að reyndur KSÍ kennari deili reynslu sinni og þekkingu með þjálfara sem er styttra á veg kominn. Aðildarfélagin og KSÍ deila kostnaðinum við kennsluna og skólinn telur einnig sem endurmenntun fyrir þjálfara.

Prozone leikgreiningarforrit

KSÍ endurnýjaði samning sinn við fyrirtækið Prozone á árinu um leikgreiningu á landsleikjum A-landsliðs karla, A-landsliðs kvenna og U21 landsliðs karla. Prozone er með öflugasta leikgreiningarforrit á markaðinum og þessi samningur styrkir undirbúning og samkeppnishæfni landsliða Íslands. Fræðsludeild KSÍ sér um öll samskipti við Prozone og veitir landsliðsþjálfurinum tæknilegan stuðning, ráðgjöf og kennslu á forritið. KSÍ lætur leikgreina um 30 landsleiki á ári og hluti af leikjunum hefur einnig verið notaður fyrir yngri landslið, í þjálfaramenntun og dómarafræðslu.

Lokaorð

Það hefur verið metnaðarmál félaganna að ráða til sín menntaða þjálfara eða senda þjálfara á námskeið og stendur íslensk knattspyrna vel að vígi þegar kemur að menntunarstigi þjálfara, svo vel að eftir því er tekið erlendis. Íslenska þjálfara þyrstir í að bæta þekkingu sína og er þátttaka á námskeiðum og fræðslufundum til marks um það. Fjöldi fólks kemur að menntun þjálfara þó að hitann og þungann beri þeir Sigurður Ragnar Eyjólfsson fræðslustjóri og Dagur Sveinn Dagbjartsson starfsmaður fræðsludeildar, þeim er hér þakkað fyrir mjög vel unnin störf. Öðru nefndarfólki í fræðslunefnd þakka ég gott samstarf á árinu sem og starfsfólki KSÍ.

Ragnhildur Skúladóttir, formaður


Fræðsluviðburðir KSÍ árið 2012 Alls 23 fræðsluviðburðir og 761 þátttakandi

Dagsetning	Viðburður	Þátttakendur
11. janúar	Fundur landsliðsþjálfara KSÍ með þjálfurum félagsliða karla	23
20.-22. janúar	KSÍ IV námskeið	34
28. janúar	Fundur landsliðsþjálfara KSÍ með þjálfurum félagsliða kvenna	25
30. janúar-6. febrúar	KSÍ VI námskeið á Englandi	30
20.-23. febrúar	UEFA Study Group á Íslandi – Kvennakkattspyrna *	33
9.-10. mars	Endurmenntunarnámskeið – Þjálfun ungra leikmanna hjá Ajax	121
Mars-maí	KSÍ VII námskeið	22
30. mars	„Fæðingardagsáhrif í knattspyrnu.“ – Sigurður Ragnar Eyjólfsson	40
12. apríl	„Kynþáttafordómar“ – Hallfríður Þórarinsdóttir/Lilja Hjartardóttir	19
Júlí	KSÍ VII námskeið	6
18. ágúst	Bikarúrslitaráðstefna karla	36
25. ágúst	Bikarúrslitaráðstefna kvenna	23
3.-6. september	UEFA Study Group á Íslandi – Kvennakkattspyrna *	32
5.-7. október	KSÍ I námskeið **	57
12.-14. október	KSÍ I námskeið	34
12.-14. október	KSÍ II námskeið	20
19.-21. október	KSÍ II námskeið **	44
27.-28. október	Endurmenntunarnámskeið - Magni Mohr	71
9.-11. nóvember	KSÍ III námskeið	63
16.-19. nóvember	Markmannsþjálfaranámskeið KSÍ	14
14.-16. desember	Markmannsþjálfaranámskeið KSÍ	14


* UEFA Study Group fræðsluviðburðirnir eru nú í fyrsta skipti taldir með í þessari töflu, en árið 2010 hélt KSÍ einnig tvo þannig viðburði þar sem komu 66 þjálfarar.

** Tvö námskeið, haldin sömu helgina

Fjöldi þjálfara sem sóttu þjálfaranámskeið KSÍ á árunum 2000-2012



Fjöldi þjálfaranámskeiða KSÍ á árunum 2000-2012



Skýrsla útbreiðslunefndar

Í útbreiðslunefnd sátu starfsárið 2012-2013 þeir Vignir Már Þormóðsson formaður, Björn Friðþjófsson, Tómas Þóroddsson, Jakob Skúlason og Valdemar Einarsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Guðlaugur K. Gunnarsson og Dagur S. Dagbjartsson. Haldnir voru þrír bókaðir fundir á árinu. Helstu útbreiðsluverkefni ársins voru framhald á gæðavottun knattspyrnskóla félaganna, ásamt smærri verkefnum.

Útbreiðsluáætlun - útbreiðslustefna

Unnið var samkvæmt þeirri áætlun sem samþykkt var á ársþingi KSÍ 2008.

Markmið KSÍ

Að allir fái tækifæri til að taka þátt í leik og starfi innan Knattspyrnusambands Íslands. Að fjölga iðkendum í knattspyrnu, sér í lagi á svæðum þar sem þátttaka er lítil.

Knattspyrnskólar

Frá árinu 2008 þegar leiðbeiningar að gæðavottun fyrir knattspyrnskóla féлага voru unnar höfðu skólar Víkings R., Vals, Gróttu, Próttar R., ÍR, HK, Fjölnis og Breiðabliks hlotið gæðavottun. Starfsmenn KSÍ fara á hverju ári í skólana og endurnýja vottunina standist viðkomandi skóli hana. Allir knattspyrnskólar sem hingað til hafa staðist vottun hafa hlotið endurnýjun. Þrjú félög Fram, Fylkis og Hauka sóttu um í fyrsta skipti og fengu allir vottun. Alls eru því 11 knattspyrnskólar komnir með gæðavottun.

UEFA Study Group Scheme

Sverrir Óskarsson Breiðabliki, Sigurkarl Gustavsson Skallagrími, Björgvin Júníusson Álftanesi, Hlynur Birgisson Þór, Árni Ólason Hetti, Úlfhildur Ösp Indriðadóttir ÍR, Þórður Einarsson Leikni, Magnús Ingvason Fylki, Íris Björk Eysteinsdóttir Hæfileikanefnd KSÍ, Vignir Þormóðsson formaður Útbreiðslunefndar KSÍ og Guðlaugur Gunnarsson fóru á UEFA Study Group Scheme í Danmörku, en þar var meginþemað kvenna/stúlkna knattspyrna, sjálfbóðaliðastarf í kringum félög og knattspyrna eldri leikmanna. Aðrar þátttökuþjóðir voru, auk gestgjafanna, frá Armeníu og Úkraínu og allar þjóðirnar voru með fyrirlestra um hvernig þessum málum væri háttað í heimalandi hverrar þátttökuþjóðar auk þess sem farið var á æfingar hjá grasrótarfélagi á Amager.

Grasrótarráðstefna Norðurlandanna

Dagana 28.-30. nóvember fóru Vignir Þormóðsson, Þórarinn Dúi Gunnarsson og Guðlaugur Gunnarsson á grasrótarráðstefnu Norðurlandanna sem haldin var í Stokkhólmi í Svíþjóð. Helstu málefni sem voru rædd voru: Gæðastjórnun féлага, kvenna/stúlkna knattspyrna og leyfiskerfi féлага, en allar þjóðirnar voru með kynningar á þessum málaflokkum. Einnig fjallaði Danmörk um „Football Fitness“ sem felur í sér knattspyrnu í eldri flokkum karla og kvenna. Þá töluðu Danmörk og Noregur um starfsúmsóknir þjálfara og annarra starfsmanna sem koma að barna- og unglingsstarfi. Norðmenn fóru yfir „Stjórnugjöf Grasrótarsáttmála UEFA“, en Norðmenn voru að senda inn umsókn að stjórn sjö. Ísland bíður eftir staðfestingu á stjórn fimm, en fulltrúi UEFA kom síðastliðið sumar og fór yfir umsóknina ásamt því að heimsækja félög.

Knattspyrnuráðstefna Special Olympics

Dagana 5.-7. október fór Guðlaugur Gunnarsson á Evrópuráðstefnu á vegum Special Olympics, en KSÍ hefur á undanförunum árum skipulagt Íslandsleika Special Olympics í samstarfi við Íþróttasamband fatlaðra. Í framhaldi af Evrópuráðstefnunni var haldin Norðurlandaráðstefna um Unified-knattspyrnu með þátttöku allra Norðurlandanna. Guðlaugur hélt þar kynningu á því hvað hefur áunnist í knattspyrnu þroskaheftra á Íslandi ásamt því að sýna myndband sem Guðlaugur og Dagur starfsmaður fræðsludeildar höfðu unnið.

Viðurkenningar fyrir grasrótarviðburði

Ungmennasamband Íslands hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir besta grasrótarviðburð ársins 2012 – *Unglingalandsmót UMFÍ*, sem hefur verið haldið um verslunarmannahelgina um árabíl. Knattspyrna er vinsælasta grein Unglingalandsmótsins en öllum sem hafa áhuga á að leika knattspyrnu er gefinn kostur á þátttöku, sama hvort þeir mæta með félagi eða sem einstaklingar.

Útbreiðsluverkefni árið 2012

Grasrótavika UEFA 2012 var 12.-19. maí og voru félögin hvött til að setja upp grasrótarviðburði í tengslum við þessa viku. Viðbrögð félaganna voru frekar dræm, Skallagrímur setti upp Grasrótardag í Borgarnesi og þangað fór Ólafur Þór Guðbjörnsson landsliðsþjálfari U19 kvenna og tók þátt í deginum með Borgnesingum.

Dagana 9.-11. mars fóru Sigurður Ragnar Eyjólfsson og Guðlaugur Gunnarsson til Súðavíkur og Ísafjarðar. Sigurður Ragnar setti upp æfingar fyrir krakkana á Súðavík og síðan fyrir stúlkna- og meistaraflokk á Ísafirði, ferð sem tókst mjög vel og voru hlutaðeigandi mjög ánægð að fá Sigurð Ragnar í heimsókn.

Þann 23. maí fóru Atli Eðvaldsson og Guðlaugur Gunnarsson til Bíldudals, Tálknafjarðar og á Birkimel á Barðaströnd og vígðu sparkvelli staðanna. Vellirnir hafa verið í notkun en eftir var að vígja vellina og af því tilefni voru íþróttafélögum þessara byggðarlaga færðir fótboltar að gjöf. Þá fóru Guðlaugur og Atli einnig á bæjarhátíðina „Tvær úr Tungunum“ vegna óskar frá Umf. Biskupstungna um að settar yrðu upp knattþrautir KSÍ á hátíðinni. Um 35 krakkar tóku þátt í knattþrautunum sem enduðu svo á því að farið var í alvöru knattspyrnuleik.

Þann 17. ágúst fóru svo Sigurður Ragnar Eyjólfsson og Atli Eðvaldsson og tóku þátt í vígslu æfinga- og keppnissvæðis Þróttar í Vogum.

Að lokum

Það má öllum ljóst vera að unnið er gríðarlega mikið og gott grasrótastarf í öllum félögum um allt land. Þetta mikilvæga starf er oft unnið í sjálfböðavinnu og af mikilli óeigingirni, það er ekki sjálfsagt og ber að þakka. En við þurfum líka að hlúa að þessu starfi með fræðslu, fjármagni og kynningu, við megum aldrei sofna á verðinum að kynna knattspyrnuna fyrir sem flestum. Fyrirmyndirnar, afreksfólkið okkar í knattspyrnunni leika þar stórt hlutverk, það eru þær sem bæði þeir yngri og eldri líta upp til.

Samnefndarmönnum mínum og starfsmönnum útbreiðslunefndar þakka ég ánægjulegt og gott samstarf. Einnig vil ég þakka öllum þeim sem unnu að grasrótastarfi innan knattspyrnunnar á einn eða annan hátt fyrir þeirra mikla starf.

Vignir Már Þormóðsson, formaður

Skýrsla hæfileikanefndar

Í hæfileikanefnd sátu starfsárið 2012-2013 þau Þórarinn Gunnarsson formaður, Einar Hermannsson, Íris B. Eysteinsdóttir, Jóhann Torfason og Þorsteinn Hilmarrson. Starfsmenn nefndarinnar voru Klara Bjartmarz og Guðlaugur K. Gunnarsson. Haldinn var einn bókaður fundur á árinu.

Hæfileikanefnd

Nefndin hefur á verkswiði sínu umsjón með markmannsskóla KSÍ, knattspyrnskóla KSÍ, úrtökumótum, landshlutaverkefni og afreksskóla KSÍ.

Knattspyrnskóli KSÍ

Knattspyrnskólar drengja og stúlkna fóru að venju fram að Laugarvatni. Hjá drengjunum fór skólinn fram dagana 18.-22. júní og hann sóttu samtals 49 drengir. Freyr Sverrisson var skólastjóri og honum til aðstoðar Guðjón V. Guðjónsson. Skóli stúlkanna fór fram dagana 11.-15. júní og sóttu hann 35 stúlkur. Mist Rúnarsdóttir var skólastjóri og henni til aðstoðar voru Daði Rafnsson og Valgerður Jóhannsdóttir. Þekktir þjálfarar og leikmenn komu í heimsókn í knattspyrnskólana að vanda.

Markmannsskóli KSÍ

Markmannsskóli drengja og stúlkna var haldinn í fyrsta skipti í ár. Var hann haldinn á Akranesi og var ætlaður iðkendum í 4. flokki. Halldór Björnsson var skólastjóri hjá drengjunum og honum til aðstoðar var Lúðvík Gunnarsson. Skólinn fór fram dagana 29. júní-1. júlí og hann sótti 51 drengur. Kennarar auk Halldórs voru Ólafur Pétursson, Valþór Halldórsson, Þorsteinn Magnússon, Þórður Þórðarson og Þorleifur Óskarsson. Skólastjóri hjá stúlkunum var Mist Rúnarsdóttir og henni til aðstoðar var Daði Rafnsson. Skólinn fór fram dagana 22.-24. júní og sóttu hann 32 stúlkur. Kennarar voru Guðmundur Hreiðarsson, Valþór Halldórsson, Ólafur Pétursson og Þórður Þórðarson.

Úrtökumót

Úrtökumót KSÍ fór að venju fram að Laugarvatni um miðjan ágúst. Hafði Freyr Sverrisson umsjón með mótinu og honum til aðstoðar voru þeir Halldór Þorvaldur Halldórsson, Árni Hilmarrson og Óskar Rúnarsson. 64 drengir víðs vegar af landinu tóku þátt og munu þeir mynda U17 landsliðið 2013. Með úrtökumóti stúlkna hafði Úlfar Hinriksson umsjón og honum til aðstoðar voru Íris Björk Eysteinsdóttir, Vilhjálmur Kári Haraldsson og Daði Rafnsson. Í ár tóku 55 stúlkur þátt í úrtökumótinu sem er þó nokkur fjölgun frá fyrri árum.

Landshlutaverkefni

Í byrjun árs 2012 var *landshlutaverkefni* sett af stað. Eyjólfur Sverrisson var ráðinn umsjónarmaður verkefnisins og í 25% hlutastarf. Hann hefur yfirumsjón með verkefninu og skipuleggur uppbyggingu verkefnisins með landshlutafulltrúum. Ráðnir voru þrír fulltrúar - Eysteinn Hauksson fyrir Austurland, Pétur Ólafsson fyrir Norðurland og Atli Eðvaldsson fyrir höfuðborgarsvæðið.

Hlutverk landshlutafulltrúa og skyldur:

1. 25-33% hlutastarf.
2. Finna efnilega leikmenn fyrir yngri landslið Íslands.
3. Fylgja efnilegum leikmönnum eftir ásamt þjálfara leikmannsins og skipuleggja hæfileikamótun ásamt umsjónarmanni og landsliðsþjálfara.
4. Gefa skýrslu til umsjónarmanns og landsliðsþjálfara viðkomandi landsliðs um efnilega leikmenn sem vert er að skoða.
5. Náið samstarf við þjálfara yngri flokka í viðkomandi landshluta og bjóða fram aðstoð við stefnumótun hjá efnilegum leikmönnum.
6. Grunnþættir eins og spyrnutækni, boltameðferð og hraði eru lykilatriði.
7. Sitja samráðsfundi yngri landsliða (landsliðsþjálfarar, umsjónarmaður verkefnis) og nefndarfundi unglinganefnda.
8. Halda utan um upplýsingar um fjölda iðkenda í hverjum flokki á viðkomandi stað.
9. Skipuleggja knattþrautir 5. flokks hjá öllum aðildarfélögum yfir sumartímann.
10. Kynna knatttæknidisk KSÍ.

Landshlutafulltrúar byrjuðu á því að nýta og auka tengslanet sitt á viðkomandi svæðum. Fundir og samtöl við umsjónamenn félaga sem og þjálfara voru haldnir til að kynna verkefnið. Mikil ánægja var með þessa kynningu á verkefninu og samstarf við þjálfara hafa verið til fyrirmyndar. Upplýsingum hefur verið safnað

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2012

um efnilega knattspyrnumenn á viðkomandi svæðum, bæði drengi og stúlkur. Mestur tími fór í að afla upplýsinga og koma upp gagnagrunni fyrir hvern árgang fyrir sig.

Verið er að þróa og byggja upp *gagnagrunn* þar sem skráðar verða upplýsingar, svo sem nafn leikmanns, lið, fæðingadagur og ár, staða/stöður og styrkleikar. Aðgangur að gagnagrunninum, sem verður á innra neti KSÍ, verður eingöngu fyrir landsliðsþjálfara til að afla sér upplýsinga. Gagnagrunnurinn gerir mönnum kleift að bera saman hæfni og getu leikmanna, árganga og svæða. Allar upplýsingar um leiki og tölfræði fyrir viðkomandi leikmenn ættu að vera aðgengilegar í gagnagrunninum.

Æfingar voru haldnar fyrir úrvalshópa beggja kynja frá Austurlandi og Norðurlandi. Fyrirhugað er að halda 3-4 æfingar á ári. Sameiginlegar æfingar á milli landshluta eru einnig í skoðun. Landshlutafulltrúar hafa einnig farið í heimsóknir til félaganna og farið á æfingar og leiki til að fylgjast með leikmönnum. Mikið er af efnilegum krökkum sem vert er að styðja við og hvetja til að stunda áfram knattspyrnu með landsliðsferil í huga. Staðlað æfingapróf verður sett upp fyrir alla leikmenn, þ.e. hraðamælingar með og án bolta sem og spyrnugeta og tækni leikmanna. Þetta próf verður sett upp fyrir leikmenn árlega. Árangur verður skráður í gagnagrunn KSÍ sem heldur utan um allar upplýsingar til samanburðar.

Félög sem voru heimsótt:

- *Austurland*: Sindri, Fjarðabyggð (Reyðarfjörður, Eskifjörður, Norðfjörður, Fáskrúðsfjörður, Djúpivogur, Stöðvarfjörður, Breiðdalsvík), Höttur (Huginn Seyðisfirði) og Einherji.
- *Norðurland*: Völsungur, Þór, KA, Dalvík, KF, Tindastóll, Hvöt og Kormákur,
- *Höfuðborgarsvæði*: FH, Þróttur, Breiðablik, KR, Valur, Leiknir, ÍR, Fylkir, Víkingur, Stjarnan, Afturelding og Haukar.

Áhersla hefur verið lögð á að skipuleggja og kynna verkefnið fyrir landshlutafulltrúum, en einnig að aðstoða landshlutafulltrúa við skráningu á gögnum og allt utanumhald upplýsinga. Almenn ánægja virðist vera með verkefnið og landshlutafulltrúar hafa fengið mikil og jákvæð viðbrögð frá félögum, þjálfurum sem og foreldrum.

Framhald

Fyrirhugað er að ráða fleiri landshlutafulltrúa og er verið að skoða á hvaða svæði það væri heppilegast. Æfingar hafa verið skipulagðar fyrir árið 2013 þar sem leikmenn taka stöðluð próf. Fyrirhugaður gangagrunnur ætti að verða tilbúinn í upphafi árs 2013.

Að lokum

Ég vil þakka meðnefndarnönnum gott samstarf svo og starfsfólki KSÍ á liðnu ári.

Þórarinn Gunnarsson, formaður

Úrtökumót KSÍ 2012 – Drengir f. 1997

Félag	Nafn	Félag	Nafn
Afturelding	Arnór Gauti Ragnarsson	ÍBV	Benjamín Elí Óskarsson
Afturelding	Birkir Þór Guðmundsson	ÍBV	Hallgrímur Þórðarsson
BÍ/Bolungavík	Daníel Agnar Ásgeirsson	ÍR	Anthony Þórir Santos
BÍ/Bolungavík	Pétur Bjarnason	ÍR	Júlíus Ingi Guðmundsson
Breiðablik	Bjarki Finnbogason	KA	Árni Björn Eiríksson
Breiðablik	Bjartur Þór Helgason	KA	Bjarki Viðarsson
Breiðablik	Ernir Bjarnason	KA	Jakob Atli Þorsteinsson
Breiðablik	Jón Veigar Kristjánsson	KA	Ólafur Hrafn Kjartansson
Breiðablik	Óskar Jónsson	Keflavík	Anton Freyr Hauksson
Breiðablik	Viktor Karl Einarsson	Keflavík	Árni Gunnar Þorsteinsson
FH	Dagur Óli Davíðsson	Keflavík	Fannar Orri Sævarsson
FH	Pétur Jónsson	Keflavík	Sindri Kristinn Ólafsson
Fjarðabyggð	Aron Gauti Magnússon	KR	Albert Guðmundsson
Fjarðabyggð	Ísak Breki Jónsson	KR	Gabriel Ingi Agnarsson
Fjarðabyggð	Kristófer Páll Viðarsson	KS	Gunnar Hubert Luchner
Fjölnir	Georg Guðjónsson	Leiknir R.	Daði Bærings Halldórsson
Fram	Andri Þór Sólberg	Sindri	Mirza Hasecic
Fram	Arnór D. Aðalsteinsson	Stjarnan	Ágúst Leó Björnsson
Fram	Johan Sebastian Salinas	Stjarnan	Hrafnkell Þránínsson
Fylkir	Sæmundur Þór Þórðarsson	Stjarnan	Hörður Fannar Björgvinsson
Grindavík	Aron Snær Friðriksson	Valur	Darri Sigþórsson
Grótta	Agnar Guðjónsson	Valur	Gunnar Sigurðsson
Grótta	Dagur Guðjónsson	Víkingur R.	Óttar Magnús Karlsson
Grótta	Fannar Freyr Ómarsson	Víkingur R.	Stefán Bjarni Hjaltested
Grótta	Pétur Steinn Þorsteinsson	Víkingur Ó.	Kristófer J. Reyes
Haukar	Alexander Helgason	Þór	Aron Ingi Hlynsson
Haukar	Grétar Snær Gunnarsson	Þór	Brynjar Logi Magnússon
Haukar	Hrannar Björnsson	Þróttur R.	Egill Gauti Þorsteinsson
HK	Andri Snær Kristmannsson	Þróttur R.	Ernir Jónsson
HK	Þorsteinn Óskarsson	Þróttur R.	Stefán Jóhann Stefánsson
ÍA	Ragnar Már Lárusson	Ægir	Arnar Logi Sveinsson
ÍA	Steinar Þorsteinsson	Ægir	Halldór Garðar Hermannsson

Úrtökumót KSÍ 2012 – Stúlkur f. 1997

Félag	Nafn	Félag	Nafn
Afturelding	Auður Linda Sonjudóttir	KR	Guðrún Sólv. Sigríðardóttir
Breiðablik	Arna Dís Arnþórsdóttir	KR	Sigríður María Sigurðardóttir
Breiðablik	Esther Rós Arnarsdóttir	Leiknir R.	Aþena Lind Margrétardóttir
Breiðablik	Ingibjörg Sigurðardóttir	Selfoss	Bergrós Ásgeirsdóttir
Breiðablik	Petrea Björt Sævarsdóttir	Selfoss	Esther Ýr Óskarsdóttir
Breiðablik	Ragnheiður E. Garðarsdóttir	Selfoss	Signý Sjöfn Rúnarsdóttir
Breiðablik	Selma Líf Hlífarsdóttir	Sindri	Guðrún Ósk Gunnarsdóttir
Breiðablik	Sunna Baldvinsdóttir	Stjarnan	Kristín Eva Gunnarsdóttir
FH	Emilía Karlsdóttir	Tindastóll	Hugrún Pálsdóttir
FH	Erna Guðrún Magnúsdóttir	Valur	Málfríður Anna Eiríksdóttir
FH	Hafdís Erla Gunnarsdóttir	Valur	Nína Kolbrún Gylfadóttir
FH	Kolfinna Hjálmarsdóttir	Valur	Selma Dögg Björgvinsdóttir
FH	Nótt Jónsdóttir	Valur	Sigrún Björk Sigurðardóttir
Fjarðabyggð	Elma V. Sveinbjörnsdóttir	Valur	Þorgerður Einarsdóttir
Fjölnir	Elvý Rut Búadóttir	Víkingur Ó	Friðný Fjöla Jónsdóttir
Fjölnir	Kristjana Finnsdóttir	Víkingur Ó.	Viktoría Ellenardóttir
Fjölnir	María Eva Eyjólfsdóttir	Völsungur	Hulda Ósk Jónsdóttir
Fylkir	Diljá Mjöll Aronsdóttir	Völsungur	Jana Björg Róbertsdóttir
Fylkir	Díana Ýr Gunnarsdóttir	Völsungur	Kristín Kjartansdóttir
Fylkir	Hulda Hrund Arnarsdóttir	Þór	Agnes Birta Stefánsdóttir
Grindavík	Guðný Eva Birgisdóttir	Þór	Birta María Aðalsteinsdóttir
Grindavík	Helga Guðrún Kristinsdóttir	Þór	Lillý Rut Hlynisdóttir
HK/Víkingur	Unnur Elísabet Eiðsdóttir	Þór	Sara Skaptadóttir
ÍA	Aníta Sól Ágústsdóttir	Þór	Sif Þórisdóttir
ÍA	Bryndís Rún Þórólfsdóttir	Þróttur R.	Bergrós Lilja Jónsdóttir
ÍBV	Díana Dögg Magnúsdóttir	Þróttur R.	Eva Bergrín Ólafsdóttir
ÍBV	Júlíana Sveinsdóttir	Þróttur R.	Guðný Friðriksdóttir
		Þróttur R.	Halla María Hjartardóttir

Knattspyrnuskóli KSÍ - Drengir fæddir 1998

Félag	Nafn
Afturelding	Arnór Breki Áspórsson
Álftanes	Guðlaugur Orri Stefánsson
BÍ/Bolungarvík	Viktor Júlíusson
Breiðablik	Brynjar Óli Bjarnason
Dalvík	Unnar Björn Elíasson
FH	Viktor Helgi Benediktsson
Fjölnir	Ásgrímur Þór Bjarnason
Fram	Magnús Óliver Axelsson
Fylkir	Axel Andri Antonsson
Gróttá	Kristófer Orri Pétursson
Grundarfjörður	Svanlaugur Atli Jónsson
Hamar	Jón Bjarni Sigurðarson
Haukar	Daði Snær Ingason
HK	Birkir Valur Jónsson
Hrunamenn	Elís Arnar Jónsson
Hvöt	Ingibergur Kort Sigurðsson
Höttur	Sæbjörn Guðlaugsson
ÍA	Stefán Teitur Þórðarson
ÍBV	Ásgeir Elíasson
ÍR	Starri Snær Valdimarsson
KA	Hjörvar Sigurgeirsson
Keflavík	Samúel Þór Traustason
KF	Kristinn Tómas Eiðsson
KFR	Aron Örn Þrastarson
Kormákur	Ragnar Friðrik Ingvarsson
KR	Denis Hoda
Leiknir F.	Garðar Logi Ólafsson
Leiknir R.	Ernir Freyr Guðnason
Leiknir R.	Vignir Már Másson
Reynir H.	Kristófer James Eggertsson
Reynir S.	Sindri Lars Ómarsson
Selfoss	Guðmundur A. Sveinsson
Sindri	Tómas Leó Ásgeirsson
Skallagrímur	Þórður Elí Þorvaldsson
Snæfellsnes	Elías Björn Björnsson
Stjarnan	Kristófer Konráðsson
Tindastóll	Bjarni Páll Ingvarsson
Valur	Helgi Hrafn Þorsteinsson
Valur Reyðarf.	Aron Sigurvinsson
Víðir	Arnar Thanachit Phutthang
Víkingur Ó.	Leó Örn Þrastarson
Víkingur R.	Erlingur Agnarsson
Völsungur	Arnar Skarphéðinsson
Þór	Alexander Ívar Bjarnason
Þróttur Nes.	Sigurður Ingvi Gunnþórsson
Þróttur R.	Vilhjálmur K. Sigurðsson
Ægir	Pétur Smári Sigurðsson

Knattspyrnuskóli KSÍ - Stúlkur fæddar 1998

Félag	Nafn
Afturelding	Kristín Þóra Birgisdóttir
BÍ/Bolungarvík	Kolfinna Brá Einarsdóttir
Breiðablik	Selma Sól Magnúsdóttir
FH	Melkorka Katrín Fj. Pétursdóttir
Fjölnir	Stella Þóra Jóhannesdóttir
Fram	Alda Karen Jónsdóttir
Fylkir	Rakel Leifsdóttir
Grindavík	Edda Sól Jakobsdóttir
Gróttá	Guðfinna Kristín Björnsdóttir
Haukur	Natalía Ósk Björnsdóttir
HK	Kristín Hermannsdóttir
Hrunamenn	Ylfa Jóhanna Helgadóttir
Hvöt	Amelía Ósk Hjálmarsdóttir
ÍA	Hrafnhildur Sigfúsdóttir
ÍBV	Jóhanna Helga Sigurðardóttir
KA	Anna Rakel Pétursdóttir
Keflavík	Þóra Kristín Klemensdóttir
KF	Vaka Rán Þórisdóttir
KFR	Berglind Inga Eggertsdóttir
KR	Mariane Sól Úlfarsdóttir
Leiknir F.	Gígja Guðnadóttir
Selfoss	Ísabella Rós Ingimundardóttir
Sindri	Ingibjörg Valgeirsdóttir
Skallagrímur	Karen Ýr Finnbogadóttir
Snæfellsnes	Klara Sól Sigurðardóttir
Stjarnan	Berglind Birta Jónsdóttir
Súlan	Arney Hildur Margeirsdóttir
Tindastóll	Kolbrún Ósk Hjaltadóttir
Valur	Agnes Edda Guðlaugsdóttir
Valur Reyðarf.	Arna Ormarsdóttir
Víðir	Una Margrét Einarsdóttir
Þór	Andrea Mist Pálsdóttir
Þróttur Nes.	Magnea Ásta Magnúsdóttir
Þróttur R.	Snæfríður Birta Hreiðarsdóttir
Ægir	Írena Björk Gestsdóttir

Markmannsskóli KSÍ – 4. flokkur karla

Félag	Nafn
Álftanes	Aron Logi Sigurpálsson
Álftanes	Guðmundur Ingi Bjarnason
BÍ/Bolungarvík	Daði Freyr Arnarsson
BÍ/Bolungarvík	Julo Thor Rafnsson
Breiðablik	Elvar Egilsson
Breiðablik	Sigurjón Emil Ingólfsson
FH	Birgir Þór Þorsteinsson
Fjölnir	Sindri Þór Sigþórsson
Fylkir	Bjarni Þór Kristinsson
Fylkir	Kristján Óli Guðbjartsson
Grindavík	Hjörtur Freyr Lárusson
Grindavík	Magnús Ari Stefánsson
Gróttá	Björgvin Koustav Hreinsson
HK	Andri Þór Grétarsson
HK	Ísak Elí Marinósson
ÍA	Ásgrímur Óskar Jóhannesson
ÍA	Guðmundur Sigurbjörnsson
ÍBV	Elliði Snær Viðarsson
ÍR	Guttormur Einarsson
KA	Aron Dagur Birnusson
KA	Jóhann Geir Sævarsson
Keflavík	Andri Már Ingvarsson
Keflavík	Þröstur Ingi Smáráson
Kormákur	Ísak Þórir Ísólffson Líndal
KR	Guðmundur E. Jóhannsson
KR	Sölvi Björnsson
Leiknir F.	Eryk Andrzej Turin
Leiknir R.	Hlynur Snær Guðnason
Leiknir R.	Vignir Már Másson
Selfoss	Arnór Daði Jónsson
Selfoss	Aron Óli Lúðvíksson
Sindri	Óttar Már Einarsson
Skallagrímur	Gunnar Bragi Jónasson
Stjarnan	Aron Fannar Sigurgeirsson
Stjarnan	Ásgeir Lúðvíksson
Valur	Jóhann Páll Einarsson
Valur	Jón Freyr Eyþórsson
Valur Reyðarf.	Ágúst Halldór Viðarsson
Víðir	Erik Oliversson
Víkingur R.	Baldur Blöndal
Víkingur R.	Bjarni Þrastarson
Völsungur	Halldór Árni Þorgrímsson
Þór	Hrannar Ingi Halldórsson
Þróttur Nes.	Bragi Örn Ingólfsson
Þróttur Nes.	Þorvaldur Marteinn Jónsson
Þróttur R.	Róbert Pettersson
Þróttur R.	Stefán Heiðar Auðunsson
Ægir	Björgvin Már Óttarsson
Ægir	Þorkell Sigurðsson

Markmannsskóli KSÍ – 4. flokkur kvenna

Félag	Nafn
Afturelding	Ásdís María Magnúsdóttir
Afturelding	Heiðrún Líf Kristjánsdóttir
Breiðablik	Birgitta Sól Eggertsdóttir
Breiðablik	Hrafnhildur Hjaltalín
FH	Hrafnhildur Ragnarsdóttir
FH	Þóra Rún Óladóttir
Fylkir	Birta Ósk Ómarsdóttir
Fylkir	Sigurbjörg Halldórsdóttir
Grindavík	Inga Bjarney Óladóttir
Grótta	Sædís Lilja Ísaksdóttir
HK	Alexandra Rán Viðarsdóttir
ÍA	Katarína Stefánsdóttir
ÍA	Svandís Guðbjörg Karlsdóttir
ÍBV	Sigríður Sæland Óðinsdóttir
KA	Harpa Jóhannsdóttir
KA	Sara Mjöll Jóhannsdóttir
KR	Ingibjörg Fjóra Ágústsdóttir
KR	Margrét Maren Guðmundsdóttir
Skallagrímur	Erika Mjöll Jónsdóttir
Stjarnan	Birta Marín Guðfinnsdóttir
Stjarnan	Júlía Ösp Bergmann Helgadóttir
Tindastóll	Hrafnhildur Snæbjörg Baldursdóttir
Valur	Vigdís Kristjánsdóttir
Víðir	Ásta Valdís Andrésdóttir
Víkingur R.	Bjartey Líf Böðvarsdóttir
Víkingur R.	Svana Björg Birgisdóttir
Þór	Lísbet Perla Gestsdóttir
Þróttur Nes.	Kristín Joy Víðisdóttir
Þróttur Nes.	Telma Ívarsdóttir

Skýrsla mannvirkjanefndar

Í mannvirkjanefnd sátu eftirtaldir starfsárið 2012: Lúðvík S. Georgsson formaður, Jón Runólfsson, Kristján Ásgeirsson, Rúnar Arnarson og Þorbergur Karlsson. Starfsmaður nefndarinnar var Jóhann G. Kristinsson. Nefndin hélt alls 8 bókaða fundi á starfsárinu.

Í byrjun ársins kom út diskur um viðhald knattspyrnugrass og náttúrlegs grass, sem unninn hafði verið fyrir um veturinn. Diskurinn mæltist mjög vel fyrir og svaraði brýnni þörf um viðhaldsmál á knattspyrnuvöllum.

Nefndin kemur áfram að tilraunaverkefni um upphitun valla sem Landbúnaðarháskólinn kom á laggirnar á árinu 2008 og stýrir. Aðalstarfsmaður verkefnisins mætti á fund með nefndinni og kynnti stöðuna. Þó að niðurstöður liggja ekki enn fyrir er ljóst þær munu geta skipt verulegu máli og skilað sér í betri stýringu á hitakerfum knattspyrnuvalla með náttúrugrasi. Niðurstöður ættu að fara að skýrast á árinu 2013. Verkefnið er styrkt af Orkuveitu Reykjavíkur og KSÍ.

Að venju var farið yfir skráningu knattspyrnumannvirkja og ýtt eftir megni á að úrbætur yrðu gerðar þar sem aðstaða er ófullnægjandi. Lokið var yfirferð um velli í efri deildum til að taka út stöðuna. Nú eru allar úttektir aðgengilegar fyrir starfsmenn gegnum mótakerfi KSÍ, og jafnframt er ætlunin að félögin hafi aðgang að eigin skýrslu. Aðeins vantar lokahnykkinn á að allir vellir, sem leikið er á efstu tveimur deildum karla og efstu deild kvenna, uppfylli skilyrði mannvirkjareglugerðar og leyfiskerfis. Nefndin var félögum og sveitarfélögum til ráðgjafar vegna framkvæmda tengdum knattspyrnumannvirkjum. Þar má nefna teikningar á innviðum stúku á Selfossi, nýja stúku við Fylkisvöll, endurbætur á vallarhúsi og stúku við Akureyrarvöll, teikningar af nýrri stúku í Vestmannaeyjum, innréttingu og skipulag búningsklefa undir stúku á Selfossi, nýtt vallarhús við Húsavíkuvöll og fleira.

Nefndin var framkvæmdastjóra KSÍ til ráðgjafar við umfjöllun umsókna í mannvirkjasjóð KSÍ og tillögur sem lagðar voru fyrir stjórn KSÍ á grundvelli þeirra. Vinna þarf þeirri reglu brautargengi að mannvirkjanefnd KSÍ fái alltaf teikningar nýrra knattspyrnumannvirkja til skoðunar áður en framkvæmdir hefjast, til að koma í veg fyrir slys í þeim málum eins og orðið hafa á árinu.

Töluverður kippur kom í framkvæmdir við knattspyrnumannvirki á árinu, en það er nokkuð sem hefur ekki verið ofarlega á dagskrá síðan fjármálakrísan reið yfir árið 2008. Nokkur glæsileg mannvirki voru vígð á árinu. Þar ber fyrst að nefna uppblásið fjölnota íþróttahús upp á um 5000 m² í Hveragerði, sem margir hafi horft til af miklum áhuga. Þarna inni er að finna bæði hálfan knattspyrnuvöll og keppnis- og æfingavöll fyrir körfuknattleik. Nýtt knattspyrnusvæði var vígt í Vogunum sem unnið hafði verið af miklum myndarskap. Í lok árs var nýtt æfingahús fyrir knattspyrnu vígt á Höfn í Hornafirði, sömuleiðis glæsilegt mannvirki. Nýtt knattspyrnugras í hæsta gæðaflokki var sett á keppnisleikvang Stjórnunnar í Garðabæ, sem breytir aðstöðunni þar mikið, ásamt því að eldra grasið var lagt á æfingavöll við hlið keppnisvallarins. Langþráð stúka var reist í Vestmannaeyjum, og komst í gagnið seinni hluta keppnistímabilsins. Þess er vænst að framkvæmdum ljúki næsta vor, en þakið vantar enn. Þá var skipt um knattspyrnugras í Reykjaneshöllinni og í æfingahúsinu í Grindavík, en framleiðslugalli hafði reynst í eldra grasi. Þá fékk stúkuhúsið við Akureyrarvöll mikla andlitslyftingu, og ný sæti sett í stúkuna, sem var löngu orðið tímabært, og einnig er nýr æfingavöllur með knattspyrnugrasi í hönnun á KA-svæðinu. Framkvæmdir hafa haldið áfram við Selfossvöll, og er gert ráð fyrir að vinnu við búningsklefa undir stúkunnari á Selfossvelli ljúki fyrir sumarið 2013. Framkvæmdir við nýja stúku við Ísafjarðarvöll fyrir um 540 manns hófust á árinu, og mun vonandi ljúka á árinu 2013. Framkvæmdir við nýja stúku hófust í lok árs á Fylkisvelli. Að lokum hafa Ólafsvíkingar hafið undirbúning að stækkun stúku við Ólafsvíkuvöll til að fagna þeim áfanga að leika í Pepsi-deildinni í fyrsta skipti.

Sumarið 2013 er gert ráð fyrir að Norrænt mannvirkjapening verði haldið á Íslandi, og má reikna með að undirbúningur þess verði eitt aðalverkefni nefndarinnar á næsta starfsári.

Undirritaður vill að endingu þakka samstarfsmönnum í mannvirkjanefnd og starfsfólki KSÍ fyrir frábært samstarf á starfsárinu.

Lúðvík S. Georgsson, formaður

Heiðursviðurkenningar

Eftirtaldir fengu heiðursviðurkenningu frá KSÍ á árinu:

Viðurkenning	Nafn	Félag
Gull	Aðalsteinn Ingólfsson	Sindri
Gull	Einar Helgason	KA
Gull	Gunnar Ásgeirsson	Sindri
Gull	Jón Gunnlaugsson	ÍA
Gull	Joseph S Blatter, forseti FIFA	FIFA
Silfur	Auðunn Steinn Sigurðsson	Hvöt
Silfur	Guðmundur F Haraldsson	Hvöt
Silfur	Hilmar Þór Hilmarsson	Hvöt
Silfur	Kári Kárason	Hvöt
Silfur	Ragnar Bogi Pedersen	HK
Silfur	Valgerður Gísladóttir	Hvöt